# FRÉTTABLAÐIÐ

146. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 26. JÚNÍ 2019



Það var mikið líf og fjör í hinni árlegu Dorgveiðikeppni á Flensborgarbryggju í Hafnarfirði í gær. Líkt og undanfarna tvo áratugi tóku börn á aldrinum sex til tólf ára þátt í keppninni. Eins og sjá má á myndinni var enginn skortur á gleði meðal ungmennanna. Keppt var um stærsta fiskinn, flesta fiska veidda og furðufiskinn 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá keppninni er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Álit um brot Þórhildar Sunnu staðfest

**Forsætisnefnd hefur fallist á álit siðanefndar Alþingis í máli Þórhildar Sunnu Ævarsdóttir, þingmanns Pírata, og telur hana brotlega við siðareglur fyrir alþingismenn vegna ummæla um Ásmund Friðriksson. Þrír nefndarmenn eru með sérbókun vegna álitsins.**

**STJÓRNMÁL** Forsætisnefnd Alþingis hefur fallist á niðurstöður siðanefndar þingsins þess efnis að Þórhildur Sunna Ævarsdóttir hafi brotið siðareglur fyrir alþingismenn með ummælum sínum um Ásmund Friðriksson, þingmann Sjálfstæðisflokksins. Álit forsætisnefndar þessa efnis verður birt á vef Alþingis í dag en það var afgreitt á fundi nefndarinnar á föstudag, degi eftir að þingstörfum lauk.



**Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.**

Umrædd ummæli Þórhildar Sunnu þess efnis að rökstuddur grunur væri um að Ásmundur hefði dregið sér fé í tengslum við endurgreiðslur sem hann þáði frá þinginu á grundvelli akstursdagbókar hans féllu í Silfrinu á RÚV í febrúar í fyrra.

Í áliti forsætisnefndar segir að það sé ekki tilgangur siðareglnanna að takmarka tjáningarfrelsi þingmanna. Af siðareglunum leiði að það geti haft þýðingu hvernig tjáningu er komið á framfæri og við hvaða aðstæður. Skorður sem siðareglurnar setji lúti þannig ekki að efni tjáningar heldur að ytra búningi hennar, til að mynda um háttvísi og aðferð.

Forsætisnefnd hafnar þeim athugasemdum Þórhildar Sunnu að rétt hefði verið að siðanefndin legði mat á sannleiksgildi ummælanna og því bæri að vísa málinu aftur til siðanefndar til nýrrar meðferðar. Að mati forsætisnefndar geri siðareglurnar ekki ráð fyrir því að forsætisnefnd fari með úrskurðarvald um sannleiksgildi ummæla sem koma til skoðunar vegna siðareglna.

Þrír nefndarmenn í forsætisnefnd skiluðu sérstakri bókun um niðurstöðurnar. Nánar er fjallað um þær á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is.

Þórhildur Sunna baðst undan viðtali þegar eftir því var leitað. Hún er í Strassborg á sumarfundi Evrópuráðsþingsins þar sem hún gegnir formennsku í mannréttindanefnd þingsins. **– aá**

## Bókabúðir fá byr í seglin

Tekjur Bókabúðar Forlagsins hafa vaxið um 15-30 prósent á ári í sjö ár á meðan bóksala hefur dregist saman. Þetta segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins. „Fólk vill koma í bókabúðir þar sem er úrval og gefa sér góðan tíma til að skoða,“ segir hann.

Vogunarsjóðurinn Elliott Management, sem þekktur er fyrir að þjarma að þjóðríkjum, keypti nýverið bandarísku bókabúðakeðjuna Barnes & Nobles og fyrir rúmlega ári bresku keðjuna Waterstone. Höfða á til þeirra sem vilja versla í búðum en ekki á netinu.



**– hvj / sjá Markaðinn**

## Benedikt tekur við Arion

**VIÐSKIPTI** Stjórn Arion banka hefur ráðið Benedikt Gíslason í starf bankastjóra. Hann tekur við af Stefáni Péturssyni sem hefur verið starfandi bankastjóri bankans eftir að Höskuldur H. Ólafsson lét af störfum fyrr á árinu. Benedikt hefur störf 1. júlí næstkomandi. Benedikt hefur umfangsmikla reynslu af störfum á íslenskum fjármálamarkaði undanfarna tvo áratugi og var varaformaður starfshóps stjórnvalda um afnám fjármagnshafta á árunum 2013 til 2016. **– ab**



**Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka.**






## Veður




Suðvestan 5-15 m/s, hvassast NV-til. Bjart með köflum á A-verðu landinu og hiti 14 til 22 stig. Súld eða lítilsháttar rigning V-lands og hiti 10 til 15 stig. SJÁ SÍÐU 16



**Nemendur Hagaskóla hafa lýst vanlíðan innan veggja skólans.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Loftræstikerfið líkleg skýring

**REYKJAVÍK** Skólastjórnendur Hagaskóla funduðu í gær með fulltrúum Reykjavíkurborgar vegna ástands átta kennslustofa. Kvartanir hafa borist frá nemendum og starfsfólki um slappleika, ógleði og höfuðverk. Má það rekja til óæskilegs koltvísýringsmagns í andrúmsloftinu.

S. Ingibjörg Jósefsdóttir, skólastjóri Hagaskóla, segir að slökkt hafi verið á loftræstikerfi byggingarinnar fyrir einu og hálfu ári vegna hávaða. Ekkert hafi verið gert til þess að fóðra eða hljóðeinangra, og því hafi ekki verið kveikt á því aftur.

Ingibjörg segir fundinn í gær hafa verið árangursríkan. „Aðgerðirnar sem verður ráðist í núna eru til þess að lagfæra þessa álmu skólans eins og hægt er. Sett verða upp fleiri opnanleg fög í hverja skólastofu og á göngum, settar verða spaðaviftur í loftin, segulopnarar á hurðir og loftrými hreinsuð.“ Einnig á að uppfæra mælitæki fyrir loftgæði í skólanum. Því á að vera lokið fyrir 22. ágúst þegar skólinn hefst á ný.

Segir hún að skólastofurnar séu of litlar fyrir þann fjölda nemenda sem er í hverjum bekk. „Það eru 26-28 nemendur í hverri 47 fermetra stofu sem er of mikið.“

Á næstu önn verði nemendur færri í hverri stofu. „Ég mun óska eftir sérstöku fjármagni til þess að geta gert það. Þá verða átta bekkir í stað sjö fyrir árganginn sem mun væntanlega kosta meira,“ segir Ingibjörg. – **pk**

# Minkafjölskylda við höfnina



**Ferðamenn og starfsmenn við gömlu höfnina í Reykjavík horfðu í forundran á minkafjölskyldu sem gerði vart við sig í gær. Minkar sjást af og til í borgarlandinu en þeir eru þó ekki algeng sjón. Fengitími þeirra er á vorin og halda þeir sig aðallega við strendur og vötn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 16 þúsund vilja í háskólanám

**SKÓLAMÁL** Talsverð fjölgun er á umsóknum um háskólanám, en tæplega 16 þúsund umsóknir bárust háskólunum í ár. Háskóla Íslands bárust tæplega 9.000 umsóknir til grunn- og framhaldsnáms og er það 13 prósent fjölgun. Þar af eru 1.200 erlendar. Aðsókn í kennaranám og í hjúkrunarfræði eykst töluvert milli ára. Listaháskóli Íslands fékk 726 umsóknir í ár og komust 242 inn.

Allt að 2.150 umsóknir bárust Háskólanum á Akureyri. Þar er mikil aðsókn í hjúkrunarfræði, sagnfræði og lögreglufræði. Háskólinn hefur orðið að taka upp strangari aðgangsskilyrði síðustu ár.

Um 3.300 umsóknir hafa borist um nám við Háskólann í Reykjavík fyrir haustönn 2019. Það er um 10 prósent fjölgun á umsóknum milli ára. Háskólanum á Bifröst hefur borist á sjötta hundrað umsóknir, þar er enn tekið við umsóknum til vikuloka. Háskólinn á Hólum hefur ekki birt heildartölur. – **ab**






# Ibiza-veðrið kveiki í hjólaáhuga landans

**Hjólreiðaáhugi helst í hendur við frábært veður segir eigandi reiðhjólaverslunarinnar Kríu. Keppnisstjóri WOW Cyclothon segir þó færri keppa í ár en í fyrra. Fall WOW hafi sett strik í reikninginn. Fyrstu keppendur af stað í gær.**

**HJÓLREIÐAR** Emil Þór Guðmundsson, hjólreiðamaður og einn eigenda reiðhjólaverslunarinnar Kría hjól, segir rekstur verslunar sinnar hafa gengið vel í sumar í takt við góðar aðstæður til hjólreiða. „Salan er búin að vera mjög góð. Þetta helst svolítið í hendur við veðrið en það er náttúrulega búið að vera eins og á Ibiza í Reykjavík í sumar.“

Emil bætir við að með góða veðrinu komi fleira fólk sem ekki er hefðbundnir hjólreiðaáhugamenn. „Það er hugur í mönnum þegar það er gott veður, þá langar alla út að hjóla.“

Með auknum hjólreiðaáhuga landsmanna hafa keppnir í íþróttinni á borð við WOW Cyclothon orðið æ meira áberandi, en keppnin hófst í gær í áttunda skipti.

Björk Kristjánsdóttir keppnisstjóri segir keppendur færri í ár en í fyrra en stemningin sé gríðarlega góð. „Síðast þegar ég vissi voru um 650 keppendur búnir að skrá sig en þeir voru 1.050 í fyrra. Það er samt gríðarlega mikil stemning og við erum sátt með keppendafjölda enda er árið búið að vera erfitt,“ segir Björk, en WOW air hefur verið helsti styrktaraðili keppninnar frá upphafi. Líkt og frægt er orðið var flugfélagið tekið til gjaldþrotaskipta á dögunum. Björk segir keppnina þó ekki vera í neinni hættu og segist bjartsýn á framtíðina. „Við fengum líka nýja og góða styrktaraðila í ár.“

Emil segir starfsmenn Kríu ekki vera með lið í WOW Cyclothon í ár en þeir taki þó þátt með öðrum liðum í keppninni. „Það er eins og það sé aðeins minni áhugi á keppninni í ár en þetta er að sjálfsögðu rosa gaman og maður dáist að þeim sem keppa í einstaklingskeppninni.“




**Keppendur í WOW Cyclothon eru færri í ár en í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Þetta helst svolítið í hendur við veðrið en það er náttúrulega búið að vera eins og á Ibiza í Reykjavík í sumar.**
>
> Emil Þór Guðmundsson hjá Kríu hjólum



Emil er sjálfur mikill hjólreiðamaður og hjólaði á dögunum á Bláfjöll ásamt bandarísku hjólreiðagoðsögninni Lance Armstrong sem var staddur á landinu.

„Hann var á landinu í fríi með eiginkonu sinni og langaði að taka smá hjólatúr með strákunum. Hann er algjör toppmaður,“ segir Emil en hópurinn heimsótti meðal annars Þríhnjúkagíg á vegum Inside the Volcano áður en haldið var aftur í höfuðborgina með hjólreiðakappanum heimsfræga.

**arnartomas@frettabladid.is**




Skólavörðustígur 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. HEIMA: Skólavörðustígur 12, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Haukadalur. Geysir.com

# RÚV og Jón Ársæll dregin fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Kona sem var viðmælandi og umfjöllunarefni í einum þátta sjónvarpsþáttaraðar Jóns Ársæls Þórðarsonar, Paradísarheimt, hefur höfðað mál gegn sjónvarpsmanninum góðkunna og Ríkisútvarpinu. Ólafur Valur Guðjónsson, lögmaður konunnar, staðfestir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að málið tengist sjónvarpsþættinum.

Hins vegar ríkir leynd yfir því um hvað málið snýst og hvaða kröfu konan gerir í málinu. Forsvarsmenn Ríkisútvarpsins vildu ekki tjá sig um málið og vísuðu á lögmann konunnar. Ólafur Valur vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu.

**» Forsvarsmenn Ríkisútvarpsins vildu ekki tjá sig um málið og vísuðu á lögmann konunnar.**

Í umræddum þætti Paradísarheimtar ræddi Jón Ársæll við konuna sem þá var þrítug og afplánaði dóm á Sogni. Gerði hún upp erfið uppvaxtarár sín og baráttu við fíkn. Um þáttinn var fjallað í netmiðlum eftir að hann var sýndur og vakti hann nokkra athygli líkt og fleiri þættir í þáttaröð Jóns Ársæls. Það var engin lognmolla í kringum sýningu þáttanna síðastliðinn vetur enda efnistökin oft viðkvæm og vandmeðfarin. Hafa meðal annars einstaklingar sem birtust í þáttunum í misjöfnu ástandi kvartað opinberlega undan því. Þá komust þættirnir einnig í fréttir í janúar síðastliðnum þegar greint var frá því að RÚV hefði ákveðið að fresta sýningu eins þáttar, þar sem rætt var við yfirlýstan íslenskan nasista. Ástæðan var að sýningardagur þáttarins lenti fyrir tilviljun á alþjóðlegum minningardegi um helförina.

Mál konunnar gegn Jóni Ársæli og Ríkisútvarpinu verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. **– smj**



**Jón Ársæll Þórðarson.**



**Hvalá á Ströndum sem stendur til að virkja.** MYND/TÓMAS GUÐBJARTSSON

# Furða sig á landeigendum og gífuryrðum Landverndar

**Forsvarsmenn orkufyrirtækisins VesturVerks segja furðulegt að landeigendur meirihluta Drangavíkur hafi ekki vakið máls á meintu misræmi í landamerkjaskráningu fyrr og að fyrirtækið hafi farið eftir lögum og reglum í einu og öllu. Segja Landvernd fara fram með gífuryrði, árvirðingar og dylgjur.**

**UMHVERFISMÁL** Forsvarsmenn orkufyrirtækisins VesturVerks furða sig á því að hluti landeigenda Drangavíkur hafi ekki vakið máls á meintu misræmi í landamerkjaskráningu fyrr. Undirbúnings- og skipulagsferli vegna Hvalárvirkjunar hafi staðið í á annan áratug. Landeigendur meirihluta Drangavíkur í Árneshreppi á Ströndum hafa kært deiliskipulag og framkvæmdaleyfi fyrsta áfanga Hvalárvirkjunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Vilja þeir meðal annars meina að skipulagning Hvalárvirkjunar byggist á röngum landamerkjum.

„Í þau 13 ár sem VesturVerk hefur haft Hvalárvirkjun í undirbúningi hafa engar vísbendingar borist um að landamerki í Ófeigsfirði séu með þeim hætti sem hluti af landeigendum Drangavíkur lýsa í kæru sinni. Sá liður kærunnar kemur því forsvarsmönnum VesturVerks í opna skjöldu og er ekki í samræmi við þau landamerkjabréf sem unnið hefur verið eftir. Það sætir furðu að í undirbúnings- og skipulagsferli vegna Hvalárvirkjunar, sem spannar á annan áratug, skuli landeigendur ekki hafa vakið fyrr máls á meintu misræmi í landamerkjaskráningu.

**Landvernd hlýtur að færa rök fyrir máli sínu og tiltaka hvaða lög, reglur og faglegir ferlar hafi verið virtir að vettugi í undirbúningi að virkjun Hvalár.**

Forsvarsmenn VesturVerks um Landvernd

**27**

**milljónir af skattfé runnu til Landverndar árið 2017**

Einnig mætti ætla að opinberar eftirlitsstofnanir hefðu bent á slíkt misræmi, sé það fyrir hendi. Þar til bær yfirvöld þurfa nú að skera úr um innihald kærunnar en VesturVerk mun á næstu dögum fara yfir þá nærri 100 liði sem kæran birtir," segir í yfirlýsingu frá orkufyrirtækinu, sem er í eigu HS Orku og Glámu fjárfestingar. Telja þeir sig hafa í einu og öllu fylgt lögum og reglum.

VesturVerk gagnrýnir umhverfissamtökin Landvernd líka harðlega sem hafi brugðist umsvifalaust við fréttum mánudagsins af kærunni.

„Eru gífuryrðin og ávirðingarnar slíkar að ekki verður hjá því komist að bregðast við," segja forsvarsmenn VesturVerks. Draga þeir það fram í yfirlýsingu sinni að Landvernd séu fjölmenn samtök, rekin að stórum hluta fyrir opinbert fé.

„Um 27 milljónir króna af skattfé ríkisins runnu til samtakanna árið 2017 og verður því að gera kröfu um að hófstillingar sé gætt og sannleiksgildi virt í málflutningi samtakanna."

VesturVerk segir Landvernd dylgja um arðsemi verkefnisins sem samtökin hafi engar forsendur til að leggja mat á. Alvarlegri séu þó ásakanir Landverndar um að VesturVerk hafi gerst brotlegt við lög og reglur. „Landvernd hlýtur að færa rök fyrir máli sínu og tiltaka hvaða lög, reglur og faglegir ferlar hafi verið virtir að vettugi í undirbúningi að virkjun Hvalár." **mikael@frettabladid.is**






# Kæru Vigdísar Hauksdóttur vísað frá

**REYKJAVÍK** Kæru Vigdísar Hauksdóttur um ógildingu borgarstjórnarkosninga, sem fram fóru í Reykjavík fyrir rúmu ári, hefur verið vísað frá. Kjörnefnd sem Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu var falið að skipa, eftir úrskurð dómsmálaráðuneytisins þann 5. júní síðastliðinn, kvað upp úrskurð sinn um málið í gær.

Vigdís kærði kosningarnar upphaflega til sýslumannsins eftir að Persónuvernd gerði athugasemdir við notkun Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum í aðdraganda kosninganna. Vigdís segir úrskurð kjörnefndarinnar vera gríðarlegt áfall fyrir lýðræðið í landinu.



**Kærufrestur var útrunninn þegar Vigdís lagði fram kæruna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nefndin vísaði kærunni frá vegna þess að kærufrestur er sjö dagar frá því að úrslitum kosninga er lýst. Vigdís kærði hins vegar kosningarnar tæpu ári síðar en hún hefur viljað meina að nýr kærufrestur hafi átt að hefjast daginn sem Persónuvernd birti úrskurð sinn um kosningarnar, því þar hafi nýjar upplýsingar komið fram.

„Ekki verður komist að annarri niðurstöðu en þeirri að heimilt sé að stunda kosningasvindl í lögbundnum kosningum, svo framarlega að það komist ekki upp innan umrædds sjö daga ákvæðis laganna," segir Vigdís í færslu á Facebook-síðu sinni. **– ókp**


SUZUKI
Way of Life!
SUZUKI VITARA
FYRIR SUMAR, VETUR, VOR OG HAUST
FJÓRHJÓLADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR
VITARA
VERÐ FRÁ KR.
4.250.000
Suzuki Vitara er búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður.
Með útlitsbreytingar sem gera hann enn glæsilegri.
Komdu og kynntu þér breyttan og betri Suzuki Vitara.
ALLGRIP
4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!
Það er alltaf Suzuki veður!
FLUTT MEÐ EIMSKIP
SUZUKI
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Vilja breyta hegðun með skattlagningu


Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það sem rannsóknir hafa sýnt er að gosdrykkjaneysla er stór valdur offitu og óheilbrigðra lifnaðarhátta. Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að Íslendingar fá mest af viðbættum sykri í gegnum gosdrykki,“ segir Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis og einn höfunda aðgerðaáætlunar til að draga úr sykurneyslu. Aðgerðaáætlunin var gerð að beiðni Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra og nú á að skipa starfshóp til að innleiða hana. Meðal annars er lagt til að hækka verð á gosi og sælgæti um 20 prósent. Á móti á að lækka álögur á hollari matvæli.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar sem Dóra vísar til koma 35 prósent af viðbættum sykri úr gosdrykkjum og 22 prósent úr sælgæti. Aðspurð hvers vegna skattahækkunin beinist einnig að sykurlausum gosdrykkjum segir Dóra Guðrún að það sé til að hjálpa neytendum að vanda valið. „Við viljum ekki að gos með sætuefnum sé holla valið. Gosdrykkir með sætuefnum kalla á aðra óhollustu, þú sérð ekki marga drekka kók og fá sér epli.“

Kökur og kex telja fimmtung af öllum viðbættum sykri. Dóra segir vel koma til greina að skoða skattlagningu á kökur en til að byrja með sé einblínt á gosið þaðan sem mestur sykurinn kemur. „Þess vegna er fókusinn á gosið. Við sjáum það í okkar tölum að fólk sem hefur minni tekjur og minni menntun lifir óheilbrigðara lífi og lifir skemur. Rannsóknir sýna að skattlagning breytir hegðun og það er það sem við viljum.“ **– ab**

# Íslenskt eftirlit einkennist af hálfkáki

**Nefndarmaður í fjárlaganefnd segir eftirlitsstofnanir á Íslandi of ragar við að segja hlutina eins og þeir eru og skýr fyrirmæli skorti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Íslandspóst var birt í gær.**



Málefni Íslandspósts hafa ítrekað verið umfjöllunar í fjölmiðlum undanfarin misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**STJÓRNSÝSLA** „Það er auðvitað gott að fá þessa skýrslu en mér finnst hins vegar mjög oft brenna við að eftirlitsstofnanir séu í einhverju hálfkáki, veigra sér við að segja hlutina beint út og gefa ákveðnar ábendingar og tilmæli,“ segir Björn Leví Gunnarsson, fulltrúi Pírata í fjárlaganefnd. Skýrsla Ríkisendurskoðunar var birt í gær í kjölfar sameiginlegs fundar fjárlaganefndar stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar þingsins.

Björn tekur sem dæmi að í skýrslunni sé ekki tekið með afgerandi hætti af skarið um hvort fjármálaráðuneytinu hefði borið að leita álits Samkeppniseftirlitsins varðandi stóra lánið til Íslandspósts.

Þá sé engu slegið föstu í skýrslunni um óásættanleg samskipti milli aðila segir Björn og vísar til samskipta stjórnar félagsins og helstu stjórnenda og samskipta við bæði eftirlitsaðila og ráðuneyti um ólíkan skilning á útfærslu laga.

„Það er heldur ekki tekið af skarið með það í skýrslunni hvort kostnaðarhlutdeild samkeppnishlutans sé lögleg, en það er auðvitað mjög mikilvæg spurning sem lýtur að því hvernig einkaréttur stendur undir öllum föstum kostnaði félagsins,“ segir Björn Leví.

Svipaður tónn er í yfirlýsingu Félags atvinnurekenda um skýrsluna sem send var fjölmiðlum í gær en þar er lýst vonbrigðum með óljósa afstöðu í skýrslunni um hvort lögbundinn aðskilnaður einkaréttar og samkeppnisrekstrar hafi verið framkvæmdur með fullnægjandi hætti af Íslandspósti. Stór hluti starfsmanna félagsins vinni við verkefni sem ríkið eigi ekki að vera að sinna.

> **Mér finnst hins vegar mjög oft brenna við að eftirlitsstofnanir séu í einhverju hálfkáki, veigra sér við að segja hlutina beint út.**
>
> 
>
> Björn Leví Gunnarsson
> þingmaður

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram það álit að brýnt sé að stjórnvöld bregðist við og tryggi rekstrargrundvöll innlendrar póstþjónustu í því breytilega umhverfi sem starfsgreinin býr við.

Íslandspóstur hefur glímt við fjárhagsvanda að undanförnu. Fyrirtækið fékk síðasta haust 500 milljóna króna neyðarlán frá ríkinu. Það dugði ekki til en í fjárlögum 2019 heimilaði Alþingi að endurlána mætti félaginu allt að 1,5 milljarða króna og leggja því til aukið eigið fé gegn því að fyrirtækið myndi ráðast í endurskipulagningu á starfseminni. Tap fyrirtækisins í fyrra nam 293 milljónum króna.

Fjórar tillögur að úrbótum eru útlistaðar í úttektinni sem ákveðið var að ráðist yrði í í janúar á þessu ári. Í fyrstu tillögunni bendir ríkisendurskoðandi á þann möguleika í frumvarpi til nýrra heildarlaga um póstþjónustu að gera þjónustusamning við alþjónustuskylda aðila. Með fyrirhuguðu afnámi einkaréttar á hluta póstþjónustu sé mikilvægt að stjórnvöld styðji að fyrirsjáanlegu starfsumhverfi þeirra aðila sem nú starfa fyrir Íslandspóst.

Önnur tillagan miðar að því að stjórnvöld ráðist í mótun sérstakrar eigandastefnu fyrir Íslandspóst vegna síbreytilegra aðstæðna og sértækra áskorana í rekstrarumhverfi félagsins. Þá þurfi að efla eftirlit en ríkisendurskoðandi leggur áherslu á að ráðuneyti og eftirlitsstofnanir túlki eftirlitsheimildir og -skyldur sínar gagnvart Íslandspósti með sama hætti og stundi forvirkt eftirlit út frá sameiginlegri heildarsýn.

Að lokum sé full ástæða til þess að hagræða verulega í starfsemi Íslandspósts, einkum hvað varðar að sameina enn frekar dreifikerfi bréfa og pakka í þéttbýli.

Að mati ríkisendurskoðanda er ekki útilokað að félagið þurfi á frekari fyrirgreiðslu að halda á næsta ári, hvort sem um er að ræða aukið hlutafé, lánsfé eða bein fjárframlög frá ríkinu.

adalheidur@frettabladid.is
danielfreyr@frettabladid.is

## Leiðandi umfjöllun Fréttablaðsins

Fréttablaðið hefur verið leiðandi í umfjöllun um málefni Íslandspósts allt undanfarið ár meðal annars um:

- drátt á birtingu gjaldskrár
- fyrirhugaða lánveitingu ríkisins upp á 1.500 milljónir
- mörg hundruð milljóna tap Íslandspósts vegna dótturfélaga
- umfangsmikinn rekstur félagsins á samkeppnismarkaði
- um rangar tölur í kynningu félagsins hjá fjárlaganefnd
- um afskráningu dótturfyrirtækisins ePósts án samþykkis
- um himinháan lögmannskostnað félagsins undanfarin ár
- um brot félagsins á póstþjónustulögum

# Vonar að stjórnvöld innleiði samþykktina


**Drífa Snædal, forseti ASÍ.**

**SAMFÉLAG** Á nýafstöðnu afmælisþingi ILO, eða Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, var samþykkt tímamótasamþykkt gegn ofbeldi og áreitni á vinnustað. Samþykktin er fyrsti alþjóðasamningur sinnar tegundar og markar mikil tímamót í baráttu gegn ofbeldi og áreitni á vinnustað. Unnið hafði verið að samþykktinni um árabil og var hún samþykkt af öllum löndum nema sjö þann 21. júní síðastliðinn. ASÍ, SA og ríkisstjórnin greiddu atkvæði með og er nú næsta skref að fá hana fullgilta hér á landi svo við verðum skuldbundin henni að alþjóðarétti.

„Þetta er fyrsta alþjóðasamþykkt sinnar tegundar og þess vegna er þetta merkilegt plagg. Einnig er þetta eitthvað sem kemur eftir #metoo bylgjuna þannig að þetta er skilgreind afurð hennar og skiptir gífurlegu máli fyrir ríki sem eru kannski ekki með jafn þétta löggjöf og þar sem slíkt er ekki jafn viðurkennt og hér,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Í samþykktinni er mikil áhersla lögð á að horfa til framtíðar innan vinnuheimsins með „manneskjulegum augum“. Sterk áhersla er á að gera fólki kleift að njóta góðs af breytingum í heimi vinnunnar með því að styrkja stofnanir til að tryggja öryggi allra á vinnumarkaði.

Drífa segir að hún vonist til og vænti þess að íslensk stjórnvöld innleiði samþykktina við fyrsta tækifæri.

„Það væri afskaplega góður bragur ef Ísland myndi gera það og vera meðal þeirra fyrstu. Við eigum að taka frumkvæði í þessu og gera þetta mjög stolt og af virðingu. Við erum mjög ánægð með þetta og munum leggja fast að stjórnvöldum að staðfesta þessa samþykkt,“ segir Drífa. **– la**

# Kynntu áætlun fyrir Palestínu

**BAREIN** Jared Kushner, tengdasonur og ráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, kynnti í gær áætlun Bandaríkjastjórnar um að fjárfest verði í palestínsku hagkerfi fyrir fimmtíu milljarða Bandaríkjadala og þannig sótt í átt að friði á milli Palestínu og Ísraels. Áætlunin var kynnt á tveggja daga alþjóðlegri ráðstefnu í Barein.

Að sögn Kushners er einnig þörf á pólitískri lausn á deilunni. Hins vegar sé hægt að ná miklu fram með því að þróa palestínskt hagkerfi. „Við sjáum mikil tækifæri. Það sem við höfum nú þróað er umfangsmesta efnahagsmálaáætlun sem nokkurn tímann hefur verið gerð fyrir Palestínu,“ sagði Kushner.

> **Stuðlað verður að fjárfestingum fyrir fimmtíu milljarða dala.**

Stjórnvöld í Palestínu hafa ekki sýnt hugmyndum Kushners og Trump-stjórnarinnar mikinn áhuga. „Peningar eru mikilvægir, hagkerfið er mikilvægt en stjórnmál eru enn mikilvægari. Pólitísk lausn er mikilvægari,“ hafði Reuters eftir Mahmoud Abbas forseta.

Um þessa afstöðu Abbas sagði Kushner: "Dagurinn í dag er ekki tileinkaður stjórnmálavandanum. Við komum að honum á réttum tíma.“ **– þea**



Við tjöldum því besta
Yfir 40 gerðir af tjöldum
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 19.995,-
3 manna verð kr. 21.995,-
Hilleberg Nallo GT
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 147.995,-
3 manna verð kr. 161.995,-
Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 36.995,-
4 manna verð kr. 42.995,-
5 manna verð kr. 52.995,-
Vango Spey
3000mm vatnsheldni
4 manna+ verð kr. 28.995,-
Vango Tempest Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 41.995,-
3 manna verð kr. 45.995,-
Vango Scafell
5000mm vatnsheldni
2 manna+ verð kr. 36.995,-
3 manna+verð kr. 41.995,-
Vango Winslow
3000mm vatnsheldni
5 manna tilboðsverð kr. 49.995,-
6 manna tilboðsverð kr. 57.995,-
Vango Hudson
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 77.995,-
5 manna verð kr. 87.995,-
6 manna verð kr. 99.995,-
Vango Amalfi AirBeam
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 120.995,-
6 manna verð kr. 145.995,-
Vango Ascott
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 52.995,-
Vango Taiga XL AirBeam
4000mm vatnsheldni
6 manna verð kr. 209.995,-
Vango Winslow AirBeam
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 99.995,-
Valin tjöld uppsett í verslun • Frábært úrval af tjaldhúsgögnum
MAMMUT SWISS 1862
HEAD
ALPINA EYEWEAR & HELMETS
Vango
HILLEBERG THE TENTMAKER
RUDY PROJECT
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is



**Táragasi beitt.** NORDICPHOTOS/AFP

## Ekkert táragas til Hong Kong

**BRETLAND** Stjórnvöld á Bretlandi ákváðu í gær að banna sölu á öllum verkfærum sem óeirðalögreglumenn nota, til að mynda táragasi, til Hong Kong. Sömuleiðis var kallað eftir rannsókn á átökum lögreglu og mótmælenda í kínverska sjálfstjórnarhéraðinu.

Metfjöldi hefur safnast saman á götum úti í Hong Kong til þess að mótmæla frumvarpi sem myndi heimila framsal til meginlands Kína. Frumvarpið hefur verið sett á ís, að minnsta kosti í bili, en afsagnar Carrie Lam, æðsta stjórnanda Hong Kong, hefur verið krafist vegna málsins.

„Það sem gerist í Hong Kong er vísbending um framtíð Kína. Ég vil í dag hvetja stjórnvöld í Hong Kong til þess að koma á og óháðri alvörurannsókn á því ofbeldi sem við höfum getað fylgst með,“ sagði Jeremy Hunt, utanríkisráðherra Bretlands. Hann er annar tveggja sem Íhaldsflokksmenn geta nú valið sem nýjan leiðtoga flokksins og þar með forsætisráðherra.

Að sögn Hunts munu Bretar ekki flytja út þann búnað sem áður var minnst á fyrr en stjórnvöld í Hong Kong hafa fullvissað Breta um að tekið hafi verið á meintum brotum. „Niðurstöður rannsóknarinnar munu hafa mikið að segja um framtíðarútflutning fyrir lögregluna í Hong Kong,“ sagði Hunt enn fremur. **– þea**



**Boris Johnson.** NORDICPHOTOS/AFP

## Vill loforð um enga seinkun

**BRETLAND** Boris Johnson, sigurstranglegasti frambjóðandinn í leiðtogakjöri Íhaldsflokksins og fyrrverandi utanríkisráðherra Breta, skoraði í gær á Jeremy Hunt, andstæðinginn í leiðtogakjörinu og núverandi utanríkisráðherra, að lofa bresku þjóðinni því að gengið verði út úr ESB þann 31. október eins og til stendur.

Útgöngu hefur áður verið frestað og Hunt sagt dagsetninguna sjálfa merkingarlausa. „Fyrir mitt leyti hef ég verið alveg skýr. Ef ég verð leiðtogi göngum við út 31. október. Með eða án samnings,“ sagði Johnson.

Sá sem ber sigur úr býtum í leiðtogakjöri Íhaldsmanna verður einnig forsætisráðherra Bretlands og tekur þannig við af Theresu May. Stærsta verkefnið, og ástæða leiðtogakjörsins, er útgöngumálið. Þar er komin upp erfið pattstaða. Breska þingið hefur í þrígang hafnað útgöngusamningnum sem May-stjórnin gerði við ESB sem og reyndar öllum öðrum möguleikum.

Hunt sagði í gær að næsti forsætisráðherra þyrfti að vera áreiðanlegur og trúverðugur. Persónuleikinn skipti máli í viðræðunum við ESB. Ekki þarf að lesa djúpt á milli línanna til að sjá að þar skaut hann á hinn litríka Johnson. **– þea**

## Kóreustríðsins minnst



**Þessir suðurkóresku hermenn stilltu sér upp við athöfn í höfuðborginni Seúl þar sem þess var minnst að 69 ár eru liðin frá því Kóreustríðið braust út. Átökin stóðu yfir í um þrjú ár en lauk aldrei formlega þar sem aldrei var samið um frið. Vopnahlé hefur verið í gildi þessa undanförnu áratugi en á fundum sínum nýverið hafa leiðtogar Kóreuríkjanna beggja lýst yfir vilja til að gera formlega friðarsamninga.** NORDICPHOTOS/AFP

# Trump segir að öllum árásum verði svarað af fullum krafti

**Forseti Írans segir Bandaríkjaforseta stríða við þroskahömlun eftir tilkynningu um nýjar þvinganir. Sá bandaríski segir yfirlýsinguna móðgandi og segir að hverri árás á bandarískt skotmark verði svarað af fullum krafti, í sumum tilfellum af gjöreyðingarmætti. Sambandið versnað til muna að undanförnu.**

**ÍRAN** Donald Trump Bandaríkjaforseti sagði á Twitter í gær að öllum írönskum árásum gegn bandarískum skotmörkum yrði svarað af fullum krafti. „Í sumum tilfellum verður um gjöreyðingu að ræða,“ tísti forsetinn.

Sá bandaríski var að ræða um sjónvarpsávarp Hassans Rouhani, forseta Írans, sem birt var í gær. Þar svaraði Rouhani ákvörðun Trumpstjórnarinnar frá því á mánudag er Bandaríkjaforseti undirritaði enn frekari viðskiptaþvinganir gegn Íran. Þvinganirnar beinast einna helst gegn írönskum stjórnmálamönnum, meðal annars æðstaklerknum Ali Khamenei.

„Gjörðir Hvíta hússins [bandaríska forsetaembættisins] sýna fram á að það stríðir við þroskahömlun,“ sagði Rouhani. Hann sagði aukinheldur að þvinganirnar væru tilgangslausar og að ákvörðunin þýddi að samningsvilji Bandaríkjanna væri einungis sýndarmennska.

John Bolton, þjóðaröryggisráðgjafi Bandaríkjanna, sagði um hinar nýju þvinganir að þær myndu gera það að verkum að annaðhvort áttuðu Íranar sig á stöðunni eða frekari þvingana væri þörf. „Það verður, held ég, samspil þvingana og annars konar aðgerða sem fær Íran að borðinu.“

Abbas Mousavi, upplýsingafulltrúi íranska utanríkisráðuneytisins, var á sama máli og forsetinn. Sagði þvinganirnar gegn Khamenei gagnslausar og að þær kæmu í veg fyrir viðræður. „Óvæntingarfull ríkisstjórn Trumps eyðileggur nú viðurkennda öryggisventla alþjóðasamfélagsins.“

En aftur að tístum bandaríska forsetans. Auk þess að ræða um



**Hassan Rouhani, forseti Írans, sagði að bandaríska forsetaembættið stríddi við þroskahömlun.** NORDICPHOTOS/AFP



**Donald Trump Bandaríkjaforseti.**

gjöreyðingu skotmarka í Íran sagði hann að yfirlýsing Rouhanis sýndi fram á að Íransstjórn væri úr öllu sambandi við raunveruleikann.

„Stjórnvöld í Íran skilja ekki hugtök á borð við kurteisi eða samkennd og hafa aldrei gert. Því miður skilja þau styrk og mátt. Bandaríkin eru langöflugasta hernaðarveldi heims og hafa varið 1,5 billjónum dala í varnarmál undanfarin tvö ár,“ tísti forsetinn og bætti við:

„Hin frábæra íranska þjóð þjáist nú að tilgangslausu. Leiðtogar hennar verja öllu sínu fé í hryðjuverkastarfsemi og fátt annað. Bandaríkin hafa ekki gleymt því að Íran hefur beitt sprengjum sem hafa deytt 2.000 Bandaríkjamenn og sært fjölda til viðbótar.“

Samband Írans og Bandaríkjanna hefur versnað stöðugt frá því að Trump tók við embætti og rifti kjarnorkusamningi Írans, Bandaríkjanna, Kína, Frakklands, Þýskalands, ESB, Rússlands og Bretlands (JCPOA). Samningurinn gekk út á afléttingu þvinganna gegn því að Íran frysti kjarnorkuáætlun sína en eftir riftunina setti Trump-stjórnin á þvinganir á ný. Önnur aðildarríki hafa reynt að halda í samninginn en í maí sagði Rouhani að Íran myndi hætta að framfylgja plagginu nema hin ríkin verndaðu Íran gegn þeim bandarísku þvingunum sem hafa stórskaðað íranskt hagkerfi.

Deilan hefur svo harðnað til muna í júnímánuði. Bandaríkin kenndu Íran um árásir á olíuflutningaskip á Ómanflóa nærri Hormuz-sundi en Íranar neita sök. Í síðustu viku skutu Íranar svo niður bandarískan dróna en ríkin deila um hvort hann hafi verið innan eða utan íranskrar lofthelgi. **thorgnyr@frettabladid.is**


SIRKUS ÍSLANDS
ÁRATUGUR AF SIRKUS
REYKJAVÍK - 28.JÚNÍ-7.JÚLÍ
ÍSAFJÖRÐUR - 26.-28.JÚLÍ
• MIÐASALA Á TIX.IS •
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
SIRKUS.IS







# Dorgað af kappi í firðinum

Árleg dorgveiðikeppni Hafnarfjarðar var í gær haldin hátíðleg, Hafnarfjarðarbær hefur staðið fyrir þessari keppni í meira en tvo áratugi. Verðlaun eru veitt þeim sem veiðir stærsta fiskinn, þeim sem veiðir flesta fiska og þeim sem veiðir svokallaðan furðufisk. Sigtryggur Ari, ljósmyndari Fréttablaðsins, tók þessar skemmtilegu myndir á Flensborgarbryggju í gær.





FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

# Boris Kardashian



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Það er engin leið að sjá það fyrir hvað ríkisstjórn sem Boris Johnson kemur til með að leiða myndi gera, vegna þess að sá sem hyggst taka við stjórnartaumunum hefur ekki enn komist svo langt að velta því einu sinni fyrir sér sjálfur.

Svo komst Max Hastings, fyrrverandi ritstjóri þekktra dagblaða í Bretlandi, að orði í pistli í The Guardian í gær. Hastings var yfirmaður Johnsons og vandar fyrrverandi undirmanni sínum ekki kveðjurnar í harðorðri grein þar sem hann kallar Boris veikgeðja og popúlískan ólátabelg.

Nú eru tvær vikur þar til kjörseðlar berast flokksmönnum og næsti forsætisráðherra verður kynntur þann 22. júlí. Johnson er enn líklegasti arftaki Theresu May. Hann hefur þó ekki átt sjö dagana sæla eftir að fjölmiðlar komust á snoðir um að lögregla hafi verið kölluð að heimili hans og kærustu vegna háværs rifrildis. Fyrir það hefur hann ekki viljað svara opinberlega.

Kappræður tveggja sigurstranglegustu frambjóðendanna í leiðtogakjörinu áttu til að mynda að fara fram á Sky News í gær en ekki varð af því. Boris hafnaði því að taka þátt, þrátt fyrir áeggjan mótframbjóðandans sem biðlaði til Johnsons að „láta af heigulshætti sínum“ í grein í fyrradag. Allt kom fyrir ekki.

Nýja forsætisráðherrans bíður allt annað en öfundsvert hlutverk. Hann mun þurfa að vinna í hinu sama þingi og hefur hingað til engu hleypt í gegn. Möguleikarnir, fyrir og eftir Theresu May, eru þeir sömu: samningur um útgöngu, önnur atkvæðagreiðsla eða útganga án samnings – svokallað hart Brexit. Johnson lét hafa eftir sér í gær að útganga án samnings væri versta niðurstaðan. Með öðrum orðum hefur ekkert breyst í vonlausri stöðu þess sem þarf að leiða Bretland út úr Evrópusambandinu.

Í fyrrnefndum pistli Hastings segir hann Íhaldsflokkinn bera þunga sök í því að hafa hleypt óútreiknanlegum fúskara allt of nálægt Downing-stræti og fyrir það muni flokkurinn líða í næstu kosningum. Boris ætti betur heima í raunveruleikaþætti en á breska þinginu. Sennilega er það mergur málsins.

Ábyrgðin er nefnilega hans. Það voru Boris og félagar hans sem lugu öðru hverju orði í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2016. Kannski er mátulegt á hann nú að taka við stólnum og um leið ábyrgðinni á uppdiktaðri draumsýn sem hann og félagar hans héldu að breskum almenningi.

Sennilega verður þetta enn annað dæmi þess að popúlisma gengur til skamms tíma að koma mönnum að kjötkötlunum. Meinið er að þegar þarf að fara að huga að efndum er staðan allt að því vonlaus.

Bretar eru þekktir fyrir skopskyn sitt – nú spyrja sumir hversu lengi þeir muni hafa húmor fyrir brandaranum sem er Boris Kardashian.

**Boris ætti betur heima í raunveruleikaþætti en á breska þinginu. Sennilega er það mergur málsins.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Brattur hrakhóll**
**Vigdís Hauksdóttir er í eigin sérflokki hvað varðar úthald, einurð og festu í pólitíska hringnum. Blýþung höggin lætur hún dynja á andstæðingunum, oft af meira kappi en forsjá enda tekst henni jafnan að vanka þá með vindhöggunum einum. Höggþunginn minnir þannig helst á sjálfan Muhammad Ali sem dansaði eins og fiðrildi og stakk eins og geitungur. Þótt Vigdísi verði oft fótaskortur á tungunni og sé ekki alltaf með réttan hrakhól á hraðbergi tekst henni þó að bíta eins og lúsmý þannig að þeir sem lenda í henni engjast dögum saman í sturluðum andlegum kláða.**

**Lose me tapa ekki**
**Vigdís varð undir í orrustu langdregins stríðs við vindmyllur borgarmeirihlutans í gær þegar kerfið og kjörnefnd sýslumanns vísaði kæru hennar með kröfu um ógildingu borgarstjórnarkosninganna frá. Vigdís veifaði þó ekki hvítu flaggi heldur tilkynnti að lýðræðið í landinu hafi orðið fyrir gríðarlegu áfalli þegar hún var þarna felld með tæknilegum og heldur ómerkilegum hælkrók. Óbuguð lét hún kné fylgja kviði á Facebook þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að kosningasvindl sé heimilt svo lengi sem það kemst ekki upp fyrr en eftir sjö daga. Guðs Mildison að borgarstjóri er læknir.** toti@frettabladid.is

# Til hamingju með háskólaprófið!



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM

Júní er tími brautskráninganna. Þá fyllast samfélagsmiðlarnir af myndum af prúðbúnu og brosleitu fólki sem fagnar því að hafa náð þeim merkilega áfanga í lífinu að ljúka háskólanámi. Þessar myndir einkennast af mikilli gleði sem smitar út frá sér. Það er bjartsýni og vor í þessum myndum.

Allir sjö háskólar landsins brautskráðu nemendur nú í júní við hátíðlegar athafnir, bæði úr grunnnámi og framhaldsnámi. Samtals tóku meira en 3.300 manns við prófskírteinum að þessu sinni. Menntun þessa stóra hóps er fjölbreytt og góð. Reikna má með því að flest í þessum hópi fari nú að leita sér að föstu starfi. Nú er það vinnumarkaðarins að gefa þeim tækifæri.

Sú góða vísa verður aldrei of oft kveðin að menntun og þekking eru lykillinn að framþróun og góðum lífskjörum í landinu. Nýútskrifað háskólafólk sem nú sækir um störf hjá fyrirtækjum og stofnunum landsins býr yfir verðmætri þekkingu sem mikilvægt er að nýtist samfélaginu.

Það má heldur ekki gleymast að til að einstaklingar séu reiðubúnir að leggja á sig erfitt og dýrt nám þarf það að skila þeim sanngjörnum fjárhagslegum ávinningi. Meginkrafa BHM er og hefur lengi verið sú að menntun sé metin til launa. Því miður vantar enn töluvert upp á að svo sé hér á landi. Sem dæmi má nefna að grunnlaun margra sem lokið hafa fyrstu háskólagráðu eru langt undir því sem eðlilegt og sanngjarnt má teljast. Krafa BHM er að engin/n sem lokið hefur bakkalárgráðu hafi undir 500 þúsund krónum í grunnlaun á mánuði.

Margir háskólanemar taka námslán til að fjármagna nám sitt. Afborganir af námslánum reynast mörgum þung byrði, einkum yngri greiðendum sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið og stofna fjölskyldu. Í viðræðum við stjórnvöld leggur BHM áherslu á að dregið verði úr endurgreiðslubyrði og að komið verði til móts við greiðendur með ýmsum aðgerðum.

BHM óskar öllu nýútskrifuðu háskólafólki til hamingju með áfangann.

**Krafa BHM er að engin/n sem lokið hefur bakkalárgráðu hafi undir 500 þúsund krónum í grunnlaun á mánuði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Furðuveröld sendiherrans



**Stefán Pálsson**
stjórnarmeðlimur Vinafélags Íslands og Vestur-Sahara



Brahim Ghali, forseti Vestur-Sahara.

Sendiherra Marokkó á Íslandi var í viðtali í Fréttablaðinu sem birtist þann 20. apríl síðastliðinn. Tilefnið var óánægja Marokkóstjórnar með að forsætisráðherra Íslands og raunar einnig fyrsti varaforseti Alþingis hefðu fundað með Brahim Ghali, leiðtoga Polisario-hreyfingarinnar. Gahli er jafnframt forseti Sahrawi lýðveldisins, sem gerir tilkall til yfirráða í Vestur-Sahara sem hefur að mestu verið hernumið af Marokkó í fjóra áratugi.

Fundir þessir eru í fullu samræmi við nokkurra ára gamla samþykkt Alþingis um að íslensk stjórnvöld skuli vinna að friðsamlegri lausn deilunnar um Vestur-Sahara og að sjálfsákvörðunarréttur íbúanna skuli virtur. Engu að síður telur sendiherrann sæmandi að halda því fram að forsætisráðherra hafi látið blekkja sig með því að fallast á fundinn.

Viðtalið við sendiherrann er raunar allt með miklum ólíkindablæ. Þannig skautar hún fram hjá þeirri staðreynd að engar alþjóðastofnanir viðurkenna hernám Marokkóstjórnar. Sameinuðu þjóðirnar hafa margoft lýst því yfir að ákvarða skuli framtíðarstöðu landsins með þjóðaratkvæðagreiðslu, en andstaða Marokkómanna hefur komið í veg fyrir að af því geti orðið. Vanvirðing Marokkó í garð alþjóðasamfélagsins var svo fullkomnuð fyrir fáeinum misserum þegar stjórnin í Rabat neitaði sjálfum aðalritara Sameinuðu þjóðanna að ferðast til Vestur-Sahara!

Fráleitasta fullyrðing viðtalsins var þó á þessa leið: „Það býr næstum milljón á þessu svæði. Einungis örfá hundruð þeirra deila sjónarmiðum þessa manns. Þessi minnihluti þarf að vekja athygli á sér með því að ögra.“ Veruleikafirring þessarar orða er slík að helst minnir á fréttatilkynningar frá einræðisríkjum þar sem valdhafar eru sagðir hafa fengið 99,9% atkvæða í kosningum.

Eru Sameinuðu þjóðirnar búnar að vera með fjölmennt friðargæslulið í Vestur-Sahara um áratugaskeið út af nokkur hundruð óeirðaseggjum? Er Marokkóstjórn með tugþúsundir hermanna í landinu til að halda niðri nokkur hundruð manns sem reyna að vekja athygli á sér? Er það ástæðan fyrir að lengsti aðskilnaðarmúr á Jörðinni klýfur landið í tvennt og er umlukinn einhverju stærsta jarðsprengjubelti í heimi? Nokkur hundruð manns nær reyndar vel yfir þann fjölda sem Marokkóstjórn hefur látið hverfa á liðnum árum eða dæmt til grimmilegra refsinga, allt að ævilöngu fangelsi, fyrir að taka þátt í friðsömum mótmælagöngum eða setuverkföllum. Fjöldi mannréttindasamtaka hefur fordæmt framgöngu Marokkómanna í landinu.

Nú er það skiljanlegt að diplómatar líti á það sem hlutverk sitt að halda málstað vinnuveitenda sinna á lofti, en er ekki lágmarkskrafa að þeir reyni í það minnsta að ljúga líklega? Málflutningur af þessu tagi er þó ekki óvæntur úr ranni Marokkóstjórnar. Sannleikurinn er fyrsta fórnarlambið í viðleitni hennar til að réttlæta ólögmætt hernám. Og þegar lygunum sleppir er næsta skrefið að rífast, skammast og hreyta ónotum í þá ráðamenn sem ekki láta kúga sig til hlýðni.

# Ræktum eldsneyti



**Silja Dögg Gunnarsdóttir**
þingmaður Framsóknarflokksins

Hægt er að minnka losun margra gróðurhúsalofttegunda um allt að 70% á tiltölulega auðveldan hátt með því að breyta eldsneytisnotkun skipa þannig að þau noti jurtaolíu, bíódísil eða annað lífrænt eldsneyti í stað jarðefnaeldsneytis. Rannsóknir sýna að bíódísill úr repjuolíu geti komið í staðinn fyrir jarðefnaeldsneyti. Á Íslandi er ónýtt ræktunarland til staðar fyrir repjuræktun. Eftir hverju erum við að bíða?

**Tvöföld kolefnisjöfnun**

Bíódísill úr repjuolíu er lífræn dísilolía og endurnýjanlegur orkugjafi og telst einn umhverfishlutlausasti orkugjafinn sem getur komið í stað jarðdísilolíu. Repjuræktun felur í sér tvöfalda kolefnisjöfnun með tilliti til útblásturs á koltvísýringi þar sem ræktunin tekur til sín tvöfalt meira af koltvísýringi en brennsla olíunnar gefur frá sér við útblástur. Bíódísil má nota í olíubrennurum og á allar dísilvélar farartækja og varla þarf að breyta vélunum ef skipta skal yfir á bíódísil.

**Olíuframleiðsla á ónýttu landi**

Ísland hefur þá sérstöðu að ekki þarf að taka undir ræktunina land sem almennt er í ræktun fyrir matjurtir. Gott ræktunarland á Íslandi er aðeins 6% af flatarmáli landsins, eða 600.000 hektarar. Þar af eru þegar í ræktun um 120.000 hektarar og tiltækt ræktunarland er því um 480.000 hektarar. Með sérstöku átaki mætti framleiða alla þá olíu sem íslenski skipaflotinn notar á nú ónýttu landi.

**Áhersla á fiskiskipaflotann**

Í samgönguáætlun íslenskra stjórnvalda er stefnt að því að losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna á Íslandi verði undir 750 þúsund tonnum árið 2020, sem er í samræmi við aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum. Til að ná þessum markmiðum er lögð áhersla á að auknar verði rannsóknir á umhverfisvænum orkugjöfum til að þróa og framleiða vistvænt eldsneyti. Einnig að markvissar aðgerðir og ívilnanir miði að minni notkun jarðefnaeldsneytis og að samgöngutæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Sérstök áhersla er lögð á að auka notkun lífeldsneytis á fiskiskipaflotann.

Undirrituð hefur lagt fram skriflega fyrirspurn til samgönguráðherra varðandi ræktun og nýtingu íslenskra orkujurta fyrir fiskiskipaflotann. Það verður áhugavert að sjá hver næstu skref verða í þeim efnum, þar sem stórkostleg tækifæri felast í aukinni nýtingu íslenskra orkujurta, ekki síst fyrir umhverfið og orkuöryggi þjóðarinnar.


JAGUAR LAND ROVER

# NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

## SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



**BMW 640 D Grand Coupe**
Nýskr. 5/2014, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.490.000 kr.**
Rnr. 420044.



**JAGUAR F-PACE Portfolio**
Nýskr. 11/2017, ekinn 25 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 8.990.000. kr.**
Rnr. 145639 .



**RANGE ROVER Velar S**
Nýskr. 2/2019, ekinn 2 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 11.290.000 kr.**
Rnr. 420114.



**RANGE ROVER SPORT SE**
Nýskr. 5/2017, ekinn 61 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 10.900.000 kr.**
Rnr. 103855.



**PORSCHE Cayenne S e-hybrid**
Nýskr. 11/2016, ekinn 31 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 8.990.000 kr.**
Rnr. 420113 .



**JAGUAR XE 2.0 i4 Prestige**
Nýskr. 7/2017, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.990.000 kr.**
Rnr. 420131 .




**RANGE ROVER SPORT HSE Dynamic**
Nýskr. 3/2017, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 13.990.000 kr.**
Rnr. 420077.



**LAND ROVER Discovery Sport HSE**
Nýskr. 4/2016, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.490.000 kr.**
Rnr. 103786 .

ENNEMM / SÍA / NM94674

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



Barcelona mun líkt og undanfarin ár byggja lið sitt í kringum argentínska knattspyrnusnillinginn Lionel Messi á næsta tímabili. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ferskir vindar á leiðinni til Barcelona í sumarglugganum

**Þrátt fyrir að Barcelona hafi orðið spænskur meistari í knattspyrnu karla á síðasta keppnistímabili er talið að stjórn félagsins hafi hug á því að hrista upp í leikmannahópi liðsins. Markmiðið sé að yngja hópinn og minnka álagið á eldri leikmönnum. Stórar stjörnur liðsins hafa valdið töluverðum vonbrigðum.**

**FÓTBOLTI** Árangur karlaliðs Barcelona í knattspyrnu á síðasta keppnistímabil var ásættanlegur en liðið varð spænskur meistari, tapaði fyrir Valencia í úrslitaleik spænska konungsbikarsins og féll úr leik á ævintýralegan hátt fyrir Liverpool í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu.

Stærstu stjörnur liðsins eru í kringum þrítugt og talið er að stjórn félagsins vilji bæði búa í haginn og freista þess að minnka álagið á eldri og reyndari leikmönnum liðsins með því að bæta í leikmannahópinn yngri leikmönnum fyrir komandi tímabil.

Nú þegar hefur félagið tryggt sér þjónustu miðvallarleikmannsins Frenkie De Jong sem sló í gegn með Ajax og talið er að spænska stórliðið sé í baráttunni um að festa kaup á varnarmanninum Matthijs de Ligt sem þrátt fyrir ungan aldur er fyrirliðinn og hjartað í vörn Ajax-liðsins.

### Styrking í öllum línum liðsins

Ýjað er að því að Andre Onana eða Pau López verði fengnir til þess að ýta við Marc-André ter Stegen hvað markmannsstöðuna varðar og Jasper Cillessen fái að fara til þess að fá meiri spiltíma hjá öðru félagi. Junior Firpo eigi svo að veita Jordi Alba samkeppni í stöðu vinstri bakvarðar.

Takist Barcelona að klófesta Matthijs de Ligt er líklegt að hlutverk Frakkans Samuels Umtiti muni minnka umtalsvert.

Frenkie De Jong á líklega að taka við keflinu af Króatanum Ivan Rakitic sem hefur sætt gagnrýni fyrir spilamennsku sína upp á síðkastið.



Líklegt þykir að Philippe Coutinho, Ivan Rakitic og Samuel Umtiti muni allir yfirgefa herbúðir spænska stórliðsins Barcelona í félagaskiptaglugganum.

Þá segja spænskir fjölmiðlar að hressa eigi upp á sóknarleik Barcelona og hefur Neymar verið orðaður við endurkomu til Katalóníu. Það hefur hins vegar ekki vakið neina sérstaka kæti hjá stuðningsmönnum liðsins sem eru ekki ánægðir með viðskilnað hans við liðið þegar hann fór til PSG.

Philippe Coutinho kom ekki af jafn miklum krafti inn í leik liðsins og vonast var eftir og sömu sögu má segja um samlanda hans Malcom. Coutinho hefur verið orðaður við PSG og jafnvel að hann að fari aftur til Liverpool.

Lífsstíll og vinnusiðferði Ousmane Dembele hefur svo ekki verið í samræmi við það sem til er ætlast hjá þjálfarateymi Barcelona og spurning hvort þolinmæðin fyrir franska framherjanum muni endanlega bresta hjá forráðamönnum Barcelona í sumar.

### Fleiri gætu komið frá Ajax

Eftir að Antoine Griezmann tilkynnti að hann væri á förum frá Atlético Madrid var hann strax sterklega orðaður við Barcelona og spænskir fjölmiðlar segja það formsatriði hvenær hann verður kynntur til leiks á Nou Camp.

Brasilíumaðurinn David Neres, sem lék vel á vængnum hjá Ajax, gæti fyllt skarð Malcoms fari hann og Hakim Ziyech, sóknartengiliður Ajax-liðsins, gæti verið góður kostur hverfi Coutinho á braut. Svo má ekki gleyma því að danski sóknartengiliðurinn Christian Eriksen hefur lýst yfir áhuga á því að fara frá Tottenham Hotspur og er falur fyrir rétta upphæð.

Danski framherjinn Kasper Dolberg sem leikur með Ajax hefur verið orðaður við Barcelona í nokkurn tíma en hann myndi þá leysa Luis Suárez af hólmi þegar álagið verður of mikið á fætur úrúgvæska framherjans. Cristhian Stuani, sem slegið hefur nokkuð óvænt í gegn hjá nágrönnum Barcelona í Katalóníu, Girona, gæti líka verið góður kostur í þetta hlutverk.

Félagið hefur svo innan sinna raða hinn unga og efnilega sóknarmann Abel Ruiz sem gæti fengið stærra hlutverk á komandi vetri en hann fékk á síðustu leiktíð.

hjorvaro@frettabladid.is



Elvar Már Friðriksson mun leika í Svíþjóð á næsta keppnistímabili.

## Elvar mun leysa Jakob af hólmi

**KÖRFUBOLTI** Elvar Már Friðriksson, landsliðsmaður í körfubolta, hefur skrifað undir samning við sænska úrvalsdeildarfélagið Borås Basket og mun hann leika með liðinu á næsta keppnistímabili.

Þetta kom fram í frétt á heimasíðu Borås Basket í gær. Elvari Má, sem lék með uppeldisfélagi sínu Njarðvík síðasta vetur, er ætlað að fylla skarð Jakobs Arnar Sigurðarsonar sem leikið hefur með liðinu undanfarin ár en er á leið heim í Vesturbæinn.

Borås Basket lék til úrslita um sænska meistaratitilinn síðastliðið vor en laut þar í lægra haldi fyrir Södertälje Kings. Á síðustu leiktíð skoraði Elvar 23 stig að meðaltali í leikjum Njarðvíkur, tók sex fráköst og gaf fimm stoðsendingar. Hann hefur auk Njarðvíkur leikið með liðum LIU-háskólans í Brooklyn og Barry-háskólans í Miami og franska liðinu Denian Voltaire. **– hó**

## Jón Dagur til liðs við AGF

**FÓTBOLTI** Framherjinn Jón Dagur Þorsteinsson mun hafa vistaskipti um næstu mánaðamót en hann yfirgefur enska félagið Fulham til þess að ganga til liðs við AGF frá Árósum sem leikur í dönsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla. Fulham greindi frá þessu á heimasíðu sinni í gær.

Jón Dagur lék sem lánsmaður með Vendsyssel í dönsku úrvalsdeildinni á síðasta keppnistímabili og hann mun því leika annað tímabilið í röð á danskri grund.

Hann gekk til liðs við Fulham frá uppeldisfélagi sínu HK árið 2015 og lék við góðan orðstír með unglingaliðum og síðar varaliði Fulham.

Síðasta vetur færði hann sig svo um set til Danmerkur til þess að fá að spila aðalliðsfótbolta. Þá skoraði hann þrjú mörk í 22 leikjum fyrir Vendsyssel. **– hó**

## Chelsea ræðir við Lampard

**FÓTBOLTI** Derby County greindi frá því í yfirlýsingu í gær að félagið hefði veitt Chelsea heimild til þess að ræða við Frank Lampard, knattspyrnustjóra félagsins.

Lampard var fljótlega sterklega orðaður við stjórastarfið hjá Chelsea eftir að ljóst var að Maurizio Sarri myndi hverfa á braut frá Stamford Bridge í kjölfar þess að síðasta keppnistímabili lauk.

Talið er að Chelsea muni greiða Derby County fjórar milljónir punda til þess að leysa Lampard undan samningi. Hann verði svo kynntur til leiks sem nýr knattspyrnustjóri Chelsea fyrir lok vikunnar.

Þetta verður annað stjórastarfið sem Lampard tekur að sér en hann kom Derby County í umspil um laust sæti í ensku úrvalsdeildinni í frumraun sinni. Þar laut liðið í lægra haldi fyrir Aston Villa. **– hó**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. júní 2019

25. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Falin verðmæti

Þrjú stærstu olíufélögin sitja á verðmætum lóðum og skoða tækifæri til uppbyggingar. Horfur um minnkandi olíunotkun hafa breytt landslaginu á olíumarkaði. Sala á olíu og dagvöru mun á endanum renna í eitt. » 6-7



»2

### Helgafell selur allan hlut sinn í Festi

Fjárfestingafélagið hefur nýlega selt tveggja prósenta hlut sinn í smásölurisanum. Er metinn á um 840 milljónir króna. Sjóðir Stefnis hafa á sama tíma bætt verulega við sig í Festi.

»4

### Vogunarsjóður veðjar á endurkomu bókabúðanna

Elliott Management keypti hið bandaríska Barnes & Nobles og hið breska Waterstone. Framkvæmdastjóri Forlagsins segir fólk vilja koma í bókabúðir þar sem er úrval og gefa sér góðan tíma til að skoða.

»10

### Á hverju byggjum við næsta hagvaxtarskeið?

„Vegna takmarkaðs umfangs og mikillar nýtingar þessara auðlinda landsins verður hagvöxtur framtíðarinnar að byggja í auknum mæli á hátækniframleiðslu og -þjónustu til útflutnings,“ segir Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur SI, í aðsendri grein.




# Taconic Capital bætir enn við sig í Kaupþingi

Sjóðir í stýringu bandaríska vogunarsjóðsins Taconic Capital, sem á sextán prósenta hlut í Arion banka, bættu lítillega við hlut sinn í Kaupþingi í fyrra – úr 45 prósentum í 48 prósent – en sjóðurinn er sem fyrr langsamlega stærsti hluthafi eignarhaldsfélagsins. Frá því í ársbyrjun 2016 hefur Taconic meira en þrefaldað eignarhlut sinn í Kaupþingi.

Heildareignir Kaupþings minnkuðu um 82 milljarða króna, þar sem mest munaði um sölu á eignarhlutum félagsins í Arion banka, og námu þær um 151 milljarði í árslok 2018. Kaupþing átti þá enn tæplega þriðjungshlut í bankanum en það sem af er þessu ári hefur félagið selt í Arion fyrir samtals um tuttugu milljarða króna og fer núna með fimmtungshlut.

Á sama tíma og Taconic Capital jók við hlut sinn í Kaupþingi þá minnkaði hlutur bandaríska vogunarsjóðsins Och-Ziff Capital um liðlega helming og var rúmlega sex prósent í lok síðasta árs. Sjóðurinn, sem stóð að baki kaupum í Arion banka ásamt Taconic, Goldman Sachs og Attestor Capital í mars 2017, er í dag þriðji stærsti hluthafi Arion með 7,25 prósenta hlut. Eignarhlutur annarra helstu hluthafa Kaupþings – Centerbridge Credit Partners (9,1%), Attestor (5,9%), JP Morgan (5%), Citadel Equity (4,6), Deutsche Bank (4,1%) og Goldman Sachs (3%) – hélst meira og minna óbreyttur á milli ára.

Í ársreikningi Kaupþings er bent á, eins og áður hefur verið upplýst um í Markaðinum, að samkvæmt úrskurði Fjármálaeftirlitsins þurfi Kaupskil, dótturfélag Kaupþings, og Taconic Capital að minnka samanlagðan eignarhlut sinn í Arion banka niður fyrir 33 prósent fyrir 16. september næstkomandi. FME lítur svo á að Kaupskil og Taconic séu í samstarfi í skilningi laga um fjármálafyrirtæki enda er sjóðurinn með nærri helmingshlut í Kaupþingi.

**151**
**milljarði námu heildareignir Kaupþings í árslok 2018.**

Kaupskil og Taconic fara nú með samanlagt 36 prósenta hlut í Arion banka. Kaupþing þarf því að selja að lágmarki sem nemur þriggja prósenta hlut í bankanum innan næstu þriggja mánaða. Samkvæmt heimildum Markaðarins standa áform stjórnenda Taconic Capital hins vegar til þess að auka enn frekar við hlut sinn í Arion banka. Sá sem stýrir umsvifum Taconic Capital hér á landi, en sjóðurinn hóf fyrst að kaupa kröfur á Kaupþing árið 2012, er Bandaríkjamaðurinn Keith Magliana og situr hann meðal annars í tilnefningarnefnd Arion banka. – **hae**


Frank Brosens, stofnandi og eigandi Taconic Capital.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.,** Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF
588 80 40
www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



**Festi er meðal annars eigandi að olíufélaginu N1.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Helgafell selur allan eignarhlut sinn í Festi

**Fjárfestingafélagið, sem er stýrt af Jóni Sigurðssyni, hefur nýlega selt tveggja prósenta hlut sinn í smásölurisanum. Er metinn á um 840 milljónir króna. Sjóðir Stefnis hafa á sama tíma bætt verulega við sig í Festi.**

Fjárfestingafélagið Helgafell, sem er í jafnri eigu Bjargar Fenger, Ara Fenger og Kristínar Vermundsdóttur, hefur selt allan eignarhlut sinn í Festi, móðurfélagi N1, Krónunnar og Elko, en félagið var í byrjun síðasta mánaðar á meðal stærstu hluthafa með tveggja prósenta hlut. Miðað við núverandi hlutabréfaverð Festar var sá eignarhlutur metinn á um 840 milljónir króna.

Helgafell, sem er stýrt af Jóni Sigurðssyni, fjárfesti og stjórnarformanni fjárfestingafélagsins Stoða, en hann er jafnframt eiginmaður Bjargar, er ekki lengur að finna á nýjum lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Festar. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur félagið á síðustu vikum losað um öll bréf sín í smásölurisanum. Um leið hafa sjóðir í stýringu Stefnis, dótturfélags Arion banka, aukið hlut sinn í Festi um nærri þrjú prósent og eiga núna samtals 14,2 prósenta hlut í fyrirtækinu.

Helgafell kom fyrst inn í hluthafahóp N1 á árinu 2013 og var um langt skeið umsvifamesti einkafjárfestirinn í hluthafahópi félagsins með um 4,2 prósenta hlut en í ársbyrjun 2017 minnkaði félagið hlut sinn niður í 2,6 prósent. Þá sat Jón í stjórn olíufélagsins frá 2014 en lét af stjórnarstörfum í fyrra í kjölfar þess að ný stjórn sameinaðs félags N1 og Festar, sem þá átti og rak meðal annars verslanir undir merkjum Krónunnar og Elko, var kjörin.

Sala Helgafells í Festi kemur á sama tíma og fjárfestingafélagið Stoðir, þar sem Helgafell er á meðal stærstu hluthafa, stóð að fjárfestingum í Arion banka og Símanum fyrir samtals um níu milljarða og um miðjan síðasta mánuð lögðu hluthafar Stoða félaginu eins til um 3,7 milljarða í nýtt hlutafé. Eigið fé Helgafells nam um 5,7 milljörðum króna í árslok 2017.

Þá er fjárfestingafélagið Helgafell auk þess einn eigenda Dælunnar ehf., sem rekur fimm eldsneytisstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, en Einar Örn Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Skeljungs og viðskiptafélagi Jóns, keypti stöðvarnar ásamt vörumerkinu af N1 á liðnu ári. Í síðasta mánuði afhenti Einir ehf., félag í eigu Einars Arnar, Dæluna inn í fjárfestingafélagið Barone en hluthafar þess eru, ásamt Einari, meðal annars félögin Helgafell og Fiskisund. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins vegna yfirfærslu hlutafjár Dælunnar til Barone er nefnt að Helgafell eigi tveggja prósenta hlut í Festi, keppinaut Dælunnar í sölu á eldsneyti, en eftirlitið sagði þau eignatengsl „óveruleg“ og því ekki forsendur til að grípa til íhlutunar vegna þeirra.

**42**
**milljörðum króna nemur markaðsvirði Festar.**

Auk Helgafells hafa sjóðir á vegum bandarísku sjóðastýringarfélaganna Wellington Management og Eaton Vance haldið áfram að minnka verulega hlut sinn í Festi og eru þeir ekki lengur á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa félagsins sem eiga 1,2 prósent eða meira í smásölurisanum. Þannig áttu sjóðir Eaton samanlagt 2,3 prósenta hlut þann 5. maí síðastliðinn á meðan eignarhlutur Wellington var um 1,9 prósent. Á síðustu mánuðum hafa sjóðastýringarfélögin, sem hafa verið stórir hluthafar í Festi (þar áður N1) um nokkurra ára skeið, selt stóran meirihluta bréfa sinna í félaginu en í ársbyrjun 2019 var hlutur Wellington 3,7 prósent en sjóðir Eaton Vance fóru þá með samanlagt 3,3 prósenta hlut.

Heildarvelta Festar samstæðunnar á árinu 2018 nam tæplega 59 milljörðum króna og hagnaður félagsins um 2.060 milljónum króna. Hlutabréfaverð Festar hefur hækkað um tíu prósent frá áramótum og stóð gengi bréfa félagsins í 127 krónum á hlut við lokun markaða í gær. Markaðsvirði fyrirtækisins er um 42 milljarðar króna. **hordur@frettabladid.is**

# GAMMA lokar tveimur fjárfestingasjóðum

Tveimur fjárfestingasjóðum sem hafa verið í stýringu fjármálafyrirtækisins GAMMA Capital Management, sem sameinaðist Kviku banka fyrr á árinu, hefur verið lokað. Þannig var sjóðsfélögum GAMMA: Total Return Fund og GAMMA: GLOBAL Invest Fund tilkynnt í síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins, að sjóðunum yrði slitið og að þeim fjármunum sem myndu fást við sölu eigna yrði í kjölfarið ráðstafað til sjóðsfélaga.

GAMMA: GLOBAL Invest Fund, sem hefur einkum fjárfest í erlendum hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, var með eignir í stýringu að fjárhæð 6,3 milljónir evra í lok maí, eða sem nemur um 900 milljónum króna. Þá var GAMMA: Total Return Fund, sem hefur aðallega fjárfest í skráðum verðbréfum og í öðrum fagfjárfestasjóðum, með eignir í stýringu upp á um 1,5 milljarða króna en um tíma – á árinu 2017 – voru eignir sjóðsins hins vegar vel yfir fimm milljarðar króna. Í lok síðasta mánaðar var um fimmtungur eigna GAMMA: Total Return Fund, eða sem nemur 300 milljónum króna, í óskráðum hlutabréfum, meðal annars hlutur í ferðaþjónustufyrirtækinu Arctic Adventures.

**1,5**
**milljörðum námu eignir í stýringu GAMMA: TRF.**

Frá því var greint á mánudag að Fjármálaeftirlitið hefði samþykkt samruna fjögurra sjóða GAMMA við fjóra sjóði í stýringu Júpíters rekstrarfélags, dótturfélags Kviku banka. Þar er um að ræða Júpíter – Innlend skuldabréf og GAMMA: Credit Fund; Ríkisskuldabréfasjóð og GAMMA: Iceland Government Bond Fund; Lausafjársjóð og GAMMA: Liquid Fund; og einnig Innlend hlutabréf og GAMMA: Equity Fund. Sameining sjóðanna kemur til vegna kaupa Kviku á öllu hlutafé GAMMA í mars síðastliðnum. – **hae**

# HP PageWide

# Ný kynslóð prentara



### Afköst

Mikil afköst
og hámarks uppitími

### Lágt blaðsíðuverð

Ódýrari litaprentun
og frábær prentgæði

### Öryggi

Varnir gegn árásum
og reglulegar uppfærslur

### Umhverfisvænir

Minni hylki, minna rusl
og margfalt minni orkunotkun
en í laserprenturum

## HP PageWide fjölnotaprentarar
## Öruggir, snjallir og afkastamiklir

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýju HP Pagewide Pro prenturunum sem byggja á byltingarkenndri prenttækni HP.




### Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin Kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

*nánar tilgreint í samningi.

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# Vogunarsjóður veðjar á bókabúðir

**Elliott Management keypti hið bandaríska Barnes & Nobles og hið breska Waterstone. Eigandi Forlagsins segir fólk vilja koma í bókabúðir þar sem er úrval.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is





Mál og menning hagnaðist um 21 milljón króna árið 2015. Það var besta árið í rekstrinum eftir að nýir hluthafar tóku við keflinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARL

Vogunarsjóður sem þekktur er fyrir að þjarma að þjóðríkjum hefur veðjað á að bókabúðir muni ganga í endurnýjun lífdaga. Hugmyndin er að höfða til þeirra sem kjósa að versla í búð fremur en á netinu.

Það er því áhugavert að rýna í rekstur bókaverslana. Skipta má viðskiptamódeli íslenskra bókabúða á tvo vegu. Annars vegar er um að ræða hreinræktaða bókabúð og hins vegar verslanir sem bjóða auk bóka upp á ritföng, gjafavörur, ferðamannavörur, veitingar og jafnvel fleira.

Elliott Management keypti á dögunum bandarísku bókabúðakeðjuna Barnes & Nobles fyrir jafnvirði 85 milljarða króna með skuldum. En segja má að sú bókabúð hafi verið fyrsta fórnarlamb Amazon. Fyrir rúmlega ári keypti sjóðurinn bresku bókabúðakeðjuna Waterstone sem er ein fárra sem enn standa þar í landi.

### Höfðu trú á bókabúðinni

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins og fyrrverandi formaður Félags bókaútgefenda, segir að honum þyki það vera lykilatriði að komið hafi inn nýir eigendur að Waterstone sem hafi haft trú á bókabúðinni. „Á meðan fyrri eigendur virtust hægt og rólega missa trúna á að hægt væri að reka bókaverslanir með sómasamlegum hætti samhliða tilkomu rafbóka. Þær tóku hins vegar ekki yfir markaðinn eins og svartsýnustu menn höfðu spáð.

Nú koma inn fjárfestar sem hafa trú á að hægt sé að reka bókabúð með arðbærum hætti og leggja metnað í úrval og framsetningu bóka fremur en að stóla á annan varning í búðunum.

Fyrir útgefendur skiptir það sköpum því það er erfitt að koma bókum á framfæri. Það skiptir því miklu máli að bjóða þær til sölu í bókabúðum en ekki einvörðungu á útsölumörkuðum eða það sem verra er, að þær séu yfirhöfuð ekki á boðstólum,“ segir hann.

### Knúinn til að opna eigin verslun

Forlagið rekur bókabúð á Fiskislóð. „Við gátum ekki boðið til sölu nema lítið brot af úrvali Forlagsins í verslunum. Við sáum okkur því knúin til að opna eigin verslun þar sem lögð er áhersla á úrval bóka. Reynt er að bjóða í bókabúðinni allar bækur allra útgefenda sem til eru á hverjum tíma.

> **Ég held að ferðamönnum þyki skemmtilegt að koma inn í bókabúðir.**
>
> Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Máls og menningar



Við höfum alla tíð lagt áherslu á bækur en ekki tekið inn aðrar vörur svo sem ritföng nema í afar litlum mæli. Það er einblínt á vöruúrval og við höldum að það sé það sem fólk sækist eftir í bókabúð. Á meðan bókasala hefur almennt dregist saman hafa tekjur verslunarinnar vaxið um 15-30 prósent á hverju ári í sjö ár,“ segir Egill Örn og nefnir að afkoman hafi verið fín.

Forsvarsmönnum Forlagsins þótti ekki nóg að reka bókabúð á netinu. „Við fundum strax að það var áhugi og þörf fyrir eiginlega verslun. Fólk vill koma í bókabúðir þar sem er úrval og gefa sér góðan tíma til að skoða. Auk þess skiptir þekking og þjónusta starfsfólks verulegu máli. Við höfum aldrei viljað keppa á verðum og tökum ekki þátt í verðstríði fyrir jólin með bækur,“ segir hann.

Það er tiltölulega algengt að bókaútgefendur reki bókabúðir. Í Noregi eiga til dæmis forlög stærstu bókabúðirnar, segir Egill Örn, og rifjar upp að forlagið Mál og menning hafi í áratugi rekið verslun undir sama nafni og Edda útgáfa hafi tekið við keflinu og rekið nokkrar bókaverslanir.

### Penninn í víðfeðmum rekstri

Ingimar Jónsson, forstjóri Pennans Eymundssonar, segir að lykillinn að því að rekstur fyrirtækisins gangi vel sé að hann byggi á nokkrum stoðum en treysti ekki einvörðungu á bóksölu. Jafnvel þótt sú sala hafi gengið vel.

Penninn Eymundsson selur einnig gjafavörur, ferðamannavörur, rekstrarvörur og húsgögn. „Þetta fyrirkomulag tíðkast ekki erlendis. Erlendis væri Penninn Eymundsson alla jafna rekinn sem tvær ólíkar verslanir,“ segir Ingimar. Árið 2017 hagnaðist fyrirtækið um 234 milljónir króna og arðsemi eiginfjár var 29 prósent. Eiginfjárhlutfallið var 44 prósent.

Ingimar segir að ársreikningur ársins 2018 liggi ekki fyrir en afkoman hafi verið í jafnvægi en þó heldur lakari en árið áður. Það megi einkum rekja til kostnaðarhækkana.

„Okkur hefur gengið býsna vel að selja íslenskar bækur á undanförnum árum. Við bjóðum samkeppnishæf verð og tökum allar íslenskar bækur inn til sölu. Það höfum við alltaf gert en ef þær seljast illa er sölunni ekki haldið áfram.“

Ingimar segir að erlend netverslun hafi verið mikil ógn við bækur og tekið mikið til sín. „Það segir sig sjálft. En þessir tveir heimar geta vel lifað saman. Það sjáum á því að salan á rafbókum er hætt að vaxa í Bretlandi og Bandaríkjunum. Það er enda skynsamlegra að fara upp í rúm að með bók en raftæki.“

### Líka ritföng og gjafavörur

Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Máls og menningar, segir að fyrir 20 árum hafi erlendar bókabúðir einblínt á sölu bóka. Þegar sú sala hafi gefið eftir hafi þær ekki brugðist nógu hratt við breyttu landslagi.

„Mál og menning hefur alltaf boðið líka upp á ritföng og gjafavörur,“ segir hún. „Í kringum aldamótin var anddyrið uppfullt af alls kyns gjafavöru eins og ilmkertum auk tímarita. Bókunum var ekki stillt upp þar. Nú hefur sala tímarita dottið niður og við höfum fært fjölda bóka á jarðhæð enda erum við bókabúð. Ég held að það sé nú meira pláss fyrir bækur í búðinni en áður.“

Arndís Björg vekur athygli á að Mál og menning hafi verið í rekstri við Laugaveg í hátt í 60 ár. Önnur hæðin hafi ávallt verið undirlögð íslenskum bókum, fyrir utan eitt borð með erlendum bókum. „Íslendingar kunna að meta að við höfum haldið í hefðina.“

Hún segir að kiljur á íslensku og ensku hafi haldið velli frá því að hún hafi tekið við stjórnartaumunum árið 2011. „Íslendingar eru vel lesnir og vilja oft frekar kaupa bók á ensku í stað þess að fá hana þýdda á íslensku.“ Sala á matreiðslubókum og kaffiborðsbókum hafi dregist saman.

„Íslendingar eru okkar bakland en við bjóðum alla velkomna,“ segir Arndís Björg, lítur yfir salinn og telur að á þeirri stundu sé skiptingin milli ferðamanna og Íslendinga um helmingur. „Ég held að ferðamönnum þyki skemmtilegt að koma inn í bókabúðir. Það er mikið um lundabúðir í miðbænum án þess að ég meini neitt neikvætt með því. Við þurfum á öllum skalanum að halda.“

Arndís Björg segir að afkoman fari eftir sölu og salan hafi verið ágæt. Besta árið hafi verið 2015, það hafi engin aukning verið árið 2016. Það hafi hins vegar verið um tíu prósent samdráttur í sölu í fyrra.

Samkvæmt ársreikningi hagnaðist Mál og menning um 21 milljón árið 2015, arðsemi eiginfjár var 44 prósent og eiginfjárhlutfallið 31 prósent. Árið 2017 nam hagnaðurinn 14 milljónum króna.

## Incrementum með um eitt prósent í Símanum

Fjárfestingafélagið Incrementum, sem er stýrt af viðskiptafélögunum Ívari Guðjónssyni, Baldvini Valtýssyni og Smára Rúnari Þorvaldssyni, hefur að undanförnu staðið að fjárfestingum í Símanum og nemur markaðsvirði hlutar félagsins nú um 350 milljónum króna. Samkvæmt lista yfir alla hluthafa fjarskiptafyrirtækisins í gær, sem Markaðurinn hefur séð, átti fjárfestingafélagið rúmlega 75,6 milljónir hluta í Símanum að nafnvirði, eða sem nemur 0,82 prósenta hlut.

Sá hlutur skilar Incrementum hins vegar ekki á opinberan lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Símans – félagið er 24. stærsti hluthafi félagsins – en fjárfestingafélagið

> **42**
> **milljarðar króna er markaðsvirði Símans.**

Stoðir, sem er með rúmlega átta prósenta hlut, er eini einkafjárfestirinn í þeim hópi.

Incrementum, sem var stofnað fyrr á árinu og er með vel á annan milljarð króna í hlutafé, hefur einnig verið að fjárfesta í Kviku en í lok síðasta mánaðar var félagið skráð fyrir tæplega 1,1 prósents hlut í bankanum. Þá er fjárfestingafélagið í hópi stærstu hluthafa Reita með 1,4 prósenta eignarhlut í fasteignafélaginu. Hluthafahópur Reita samanstendur af fjárfestum einkafjárfestum og Kviku en eignarhlutur bankans í félaginu nemur um sjö prósentum.

Samkvæmt nýjasta lista yfir alla hluthafa Símans hefur Kvika banki næstum tvöfaldað hlut sinn í fjarskiptafélaginu frá mánaðamótum og er núna skráður fyrir 3,8 prósenta hlut. Til samanburðar var eignarhlutur Kviku, en bankinn heldur á þeim bréfum að stórum hluta fyrir viðskiptavini sína, um 2,1 prósent í byrjun júní. Talsverð viðskipti voru með bréf Símans síðasta fimmtudag þegar heildarveltan nam um 770 milljónum. **– hae**

## Stoðir hagnast um 1.100 milljónir

Stoðir högnuðust um 1.100 milljónir króna á sínu fyrsta ári sem virkt fjárfestingafélag. Samkvæmt ársreikningi Stoða, sem var lagður fyrir aðalfund síðastliðinn fimmtudag, námu fjárfestingar á árinu 2018 samtals 5,3 milljörðum og var eigið fé félagsins um 17,5 milljarðar í lok ársins. Eignir í skráðum félögum námu 900 milljónum en virði óskráðra hlutabréfa var um 1.378 milljónir. Þá áttu Stoðir skráð skuldabréf að fjárhæð 440 milljónir auk þess sem útlán félagsins námu rúmlega 2,5 milljörðum.

Greint var frá því í Markaðinum í síðustu viku að Stoðir hefðu veitt fjármálafyrirtækinu GAMMA milljarðs króna lán í október á síðasta ári. Samtals nam heildarþóknun Stoða vegna lánsins um 150 milljónum króna.

Í skýrslu stjórnar Stoða kemur fram að félagið hafi keypt eigin bréf á síðasta ári að fjárhæð 1.437 milljónir að nafnverði á genginu 1,31 króna á hlut. Í árslok áttu Stoðir um 12,1 prósent af útistandandi hlutafé félagsins. Stærsti hluthafi Stoða er eignarhaldsfélagið S121 sem er meðal annars í eigu félaga á vegum Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Stoða, Einars Arnar Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, og Örvars Kjærnested, fjárfestis og stjórnarformanns TM. Aðrir helstu hluthafar Stoða eru Arion banki og Landsbankinn. **– hae**

VOLVO

VOLVO XC90 T8 INSCRIPTION AWD

# OKKAR SÝN Á LÚXUS NÚ Á SUMARTILBOÐI

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus. Rómaður snertiskjárinn, mögnuð sætin, há sætisstaðan og einstök veghæðin endurspegla sænska natni við smáatriði. Aflið og mýktin ásamt einstöku Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli bílahönnuða Volvo.

Sjö sæta • Leðurinnrétting • Vélarhitari með tímastilli
Rafdrifin opnun á afturhlera • Nálægðarskynjari að framan og aftan

390 hestöfl, bensín/rafmagn og sjálfskiptur

Fullt verð með aukabúnaði* 12.897.000 KR.

**SUMARTILBOÐ 11.950.000 KR.**

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU



*Aukabúnaður í tilboðsbílunum umfram ríkulegan staðalbúnað: Málmlitur, Panorama glerþak og sóllúga, 360° myndavél, varadekk og Edition aukahlutapakki sem innifelur leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, dökkar rúður í farþegarými, Carplay Smartphone Apple og Android, lyklalaust aðgengi, BLIS myndavél á hliðarumferð, þjófavörn með hreyfiskynjurum og LED aðalljós m/beygjustýringu + stillanleg háu ljósin og dimming á baksýnis- og útispeglum.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is



# Olíufélögin í uppbyggingu

**Þrjú stærstu olíufélögin sitja á verðmætum lóðum og skoða tækifæri til uppbyggingar á fasteignum. Horfur á minnkandi olíunotkun á næstu áratugum eru að breyta landslaginu á markaðinum. Sala á olíu og dagvöru mun á endanum renna í eitt en sú þróun mun taka á sig mynd á næstu misserum. Olíufélögin eru þó í ólíkri stöðu.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Olíufélög standa frammi fyrir rekstraráskorunum til lengri tíma litið. Útlit er fyrir að olíunotkun dragist saman á næstu áratugum og ólíklegt er að félögin fái mikinn skerf af rafbílavæðingunni sem fram undan er. Smásölurisarnir tveir sem urðu til eftir samruna olíufélaga og dagvörukeðja á síðasta ári horfa til þess að samþætta reksturinn þannig að olían færist nær matvörukeðjunum. Þá skapast tækifæri til fasteignaþróunar á þeim verðmætu lóðum sem olíufélögin búa yfir.

Stjórnendur Olís og Skeljungs segja í samtali við Markaðinn að félögin skoði nú tækifæri til uppbyggingar á lóðum sínum en Atlantsolía er í allt annarri stöðu. Þessi þróun mun velta á stefnu borgarinnar sem vill snarfækka bensínstöðvum.

N1 er það olíufélag sem rekur fæstar stöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festar, hefur áður gefið út að félagið hafi óskað eftir því að færa dælur af lóð félagsins á Ægisíðu og yfir á lóðina á Fiskislóð þar sem Krónan er. Sagði hann að þá væri hægt að hefja uppbyggingu á Ægisíðulóðinni og nefndi íbúðabyggð sem dæmi.

Með samruna N1 og Festar sáu stjórnendur félaganna fyrir sér að búa til samþætt kerfi þar sem í þéttbýlinu eru saman matvöruverslanir og dælur en í dreifbýlinu veitingastaðir og dælur. Festi á og rekur fasteignir sem eru samtals 112.000 fermetrar. Fasteignir félagsins eru bókfærðar á 28 milljarða króna og fjárfestingafasteignir á 8,7 milljarða. Samtals nemur upphæðin 36,7 milljörðum króna en til samanburðar er markaðsvirði fasteignafélagsins Eikar rúmlega 31 milljarður króna. Eggert Þór hefur áður lýst því yfir að með því að auka viðskipti við viðskiptavini á færri fermetrum sé hægt að losa fé til eigenda Festar.

Fimm bensínstöðvar N1 á höfuðborgarsvæðinu, ásamt vörumerkinu „Dælan“, voru keyptar af fjárfestahópi sem Einar Örn Ólafsson fór fyrir í vor en Samkeppniseftirlitið setti skilyrði um sölu á stöðvunum til að unnt væri að heimila samrunann. Í samantekt fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans, sem hafði umsjón með söluferlinu fyrir hönd N1, kom fram að stöðvarnar væru vel staðsettar. Tækifæri gætu falist í því að fá leyfi til þess að færa eldsneytisstöð innan sveitarfélags.

**Hagar og Olís skoða nýtingu á ýmsum lóðum samstæðunnar**

Hagar bókfæra fasteignir sínar á rúma 11 milljarða króna og fjárfestingarfasteignir á 3,8 milljarða króna, alls 14,8 milljarða. Hagar hafa hafið viðræður við Reykjavíkurborg um þróun á 20 þúsund fermetra landsvæði við Stekkjarbakka. Félagið festi kaup á reitnum fyrir fáeinum árum en Olís er með starfsemi á næstu lóð. Eftir sameiningu fyrirtækjanna var ákveðið að skipuleggja uppbyggingu á svæðinu og hljóða áformin upp á 400 íbúðir ásamt verslun og þjónustun. Haft var eftir Finni Árnasyni í Markaðinum í vor að hann sæi fyrir sér Bónus-verslun og ÓB bensínstöð. Auk þess væru umtalsverð verðmæti fólgin í byggingarverkefninu, meðal annars vegna nálægðar við fyrirhugaða Borgarlínu.

Hagar munu ekki byggja og selja íbúðir heldur finna samstarfsaðila fyrir verkið. Sagði Finnur að hægt væri að selja reitinn að hluta eða í heilu lagi til verktaka eftir að nýtt skipulag hefur fengist samþykkt. Þá horfa Hagar til þess að reisa Bónus-verslun á Sæbraut ásamt ÓB stöð á lóð í eigu Olís.

Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís, segir í samtali við Markaðinn að olíueldsneytissala sé hefðbundin bransi sem er að taka breytingum.

„Það er mikil áskorun fyrir hefðbundið fyrirtæki á eldsneytismarkaði að takast á við þau orkuskipti sem eru við sjóndeildarhring. Hér á landi sem annars staðar eru rafmagnsbílar hlaðnir við heimili fólks þannig að til lengri tíma litið er augljóst að minni þörf er hjá viðskiptavinum að fara inn á bensínstöðvar en staðsetningar geta hins vegar skipt máli hvað varðar möguleika á sölu á öðrum vörum. Við höfum hægt og bítandi verið að auka vöruframboð á öðru en eldsneyti og seljum til dæmis töluvert af skyndibita fyrir fólk á ferðinni. Og ef þú horfir til baka þá hefur landslagið breyst. Það er ekki mikið af söluturnum lengur vegna þess að bensínstöðvar hafa tekið við hlutverkinu,“ segir Jón Ólafur og bætir við að til lengri tíma litið felist tækifæri í því að geta nýtt staðsetningu verslana Haga til að koma upp eldsneytisdælum.

„Nú erum við orðin hluti af samstæðu Haga og þá verður að sjálfsögðu horft til þess hvernig við getum nýtt þær staðsetningar sem sameinað félag býr yfir. Til dæmis gætum við ákveðið að loka á einhverjum stað vegna þess að hann er vænlegur til uppbyggingar á annarri starfsemi og flutt dælurnar á bílaplan fyrir utan stórmarkað. Við höfum skoðað ýmis tækifæri af þessu tagi í tengslum við þennan samruna en myndin á eftir að skýrast betur. Einstaka lóðir væri áhugavert að þróa en aðrar eru litlar og þar verða stöðvarnar líklega áfram. Allir í þessari grein eru nú að skoða möguleikana sem felast í lóðunum.“

Reykjavíkurborg greindi í vor frá áformum sínum um að fækka bensínstöðvum um allt að helming fyrir árið 2025. Mögulegt verður fyrir lóðarhafa að flytja dælur frá núverandi staðsetningu yfir á nýja staðsetningu fjölorkustöðvar, sem tekur minna rými, til dæmis á bílastæðum við matvöruverslanir. Skilyrði fyrir slíkum flutningi er að samningar náist um lokun eldri bensínstöðvar og að heildarfjöldi dæla fyrir jarðefnaeldsneyti lækki. Þá verður lóðarhöfum þessara lóða heimilt að láta vinna hugmyndir að breyttu deiliskipulagi. Jón Ólafur segir áform borgarinnar brött og óraunhæf.

„Ég tel að jarðefnaeldsneyti muni gegna veigamiklu hlutverki næstu 10-20 árin. Þó svo að rafmagnsbílum fjölgi nokkuð næstu árin sem og tengiltvinnbílum, þá eru um 400 þúsund ökutæki í landinu og stærsti hluti þeirra er á suðvesturhorni landsins. Þessi ökutæki verða hér áfram og það á eftir að selja 150-200 þúsund bíla sem verða knúnir jarðefnaeldsneyti fram til 2030 sem munu endast í 10-15 ár. Því skýtur skökku við að það eigi að skera þjónustuna niður með dramatískum hætti. Ég geri hins vegar ráð fyrir að rafbílum og tengiltvinnbílum muni fjölga jafnt og þétt og það muni mögulega draga úr magni jarðefnaeldsneytis á þessum tíma,“ segir Jón Ólafur.

„Borgarbúar þurfa að hafa aðgang að þessari þjónustu í borginni og maður veltir fyrir sér hvort þeir muni þurfa að leita til nágrannasveitarfélaga til þess að taka bensín.“

Jón Ólafur segist ekki vera mótfallinn því að bensínstöðvum fækki en bendir á að ef olíufélag hafi áhyggjur af því að hafa of margar stöðvar geti það ákveðið að loka stöðvum að eigin frumkvæði.

„Ég sé ekki þörf fyrir inngrip af hálfu hins opinbera vegna þess að stöðvunum mun fækka í takt við minnkandi eftirspurn eftir jarðefnaeldsneyti. Það er auk þess óeðlilegt að fyrirtæki vinni að því að minnka þjónustuframboðið í gegnum yfirvöld. Stjórnendur Skeljungs tala ekki fyrir neina nema þá sjálfa,“ segir hann og vísar til þess að Skeljungur hafi átt fundi með borgaryfirvöldum þar sem þau voru hvött til þess að ráðast í þetta verkefni. „Ef eitthvert fyrirtæki hefur þá skoðun að stöðvarnar séu of margar þá er ekkert sem kemur í veg fyrir að það geti fækkað stöðvum.“

Þá segir hann að áform borgaryfirvalda séu til þess fallin að hamla samkeppni innan sveitarfélagsins enn frekar.

„Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað bent á það að stefna borgarinnar hafi verið til þess fallin að skaða samkeppni og ég geri ráð fyrir að þessi áform verði tekin til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu. Auk þess má velta fyrir sér forsendum borgarinnar fyrir því að setja fram svona kröftuga nálgun í að útrýma bensínstöðvum á vegum einkaframtaksins og á sama tíma fjárfesta í innviðum í kringum rafbíla á vegum ON fyrir almannafé.“

> **Við stefnum að því að selja valdar lóðir eða jafnvel leggja lóðir inn í spennandi fasteignaverkefni sem við síðan seljum frá okkur.**
>
> Benedikt Ólafsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Skeljungs



**Ætla ekki að vera leigufélag**

Skeljungur hefur ekki farið þá leið að sameinast smásölufyrirtækjum heldur einbeitt sér að orkumarkaðinum ásamt aukinni áherslu á alþjóðasölu til skipa og raforkumarkaðinum í Færeyjum. Ólíkt helstu samkeppnisaðilunum stundar Skeljungur ekki smásölu á stöðvum sínum heldur leigir þann rekstur út til Basko. Í lok árs 2017 festi Skeljungur kaup á þriðjungshlut í Wedo, sem á og rekur vefverslanirnar Heimkaup.is, Hópkaup.is og Bland.is. Skeljungur á kauprétt að meirihluta í félaginu.

Benedikt Ólafsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Skeljungs, segir í samtali við Markaðinn að á sínum tíma hafi verið ákveðið að útvista verslunarrekstri félagsins þar sem reksturinn var ekki arðbær í þeirri mynd sem hann var þá.

„Við höfum á hverjum tíma skoðað möguleikann á að koma að smásölu með öðrum hætti og útilokum það alls ekki. Við eigum sterkt fasteignasafn og mjög vel staðsettar lóðir, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, sem nýtast vel í því samhengi. Það er hins vegar mikilvægt að horfa til þess að hefðbundin verslun mun eiga undir högg að sækja og við þurfum ekki að horfa langt út fyrir landsteinanna til þess að sjá þá þróun. Til að þessi þróun vinni með okkur en ekki á móti þá teljum við að framtíðin liggi í skynsamlegri blöndu af netverslun og hefðbundinni smásölu,“ segir Benedikt.

Spurður hvernig gangi að samþætta rekstur Skeljungs og Heimkaupa segir Benedikt að sú vinna sé í fullum gangi.

„Við höfum sett upp nokkra skápa við stöðvar okkar þar sem viðskiptavinir Heimkaupa eiga völ á að sækja vörur sem þeir panta á netinu og hefur það farið vel af stað. Við munum halda áfram á þessari braut og auka samstarfið enn frekar og horfa til samþættingarmöguleika,“ segir Benedikt.

Skeljungur hefur ákveðið að veðja á það að vetnisbílar muni geta leyst af hina hefðbundnu bensínbíla og var þriðja vetnisstöð félagsins nýlega opnuð á lóð fyrirtækisins við Miklubraut.

„Einkabíllinn mun verða til

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 26. JÚNÍ 2019



# Margt að gerast í mömmu- og pabbastólunum

Leikkonan Þórunn Lárusdóttir á fagurt sumar í vændum. Hún ferðast um landið með Leikhópnum Lottu og nýtur sín í húsmóðurhlutverkinu heima við þess á milli. Hún hlaut græna fingur og gestrisni í heimanmund. →2

**Hér lætur Þórunn fara vel um sig í pabbastólnum góða sem stendur í kósíhorninu þar sem hún situr löngum við skriftir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Við erum dálítið ofvirk, öll fjölskyldan! Hér er alltaf eitthvað um að vera og mikill gestagangur þannig að andrúmsloftið er fullt af gleði og samtali," segir leikkonan Þórunn Lárusdóttir þegar hún er beðin um að lýsa heimilislífi fjölskyldunnar sem samanstendur af Snorra eiginmanni hennar, tveimur börnum þeirra hjóna, ketti og hundi.

„Við Snorri höfum búið okkur til alveg dásamlegt heimili sem við höfum gert upp og lagað að okkar smekk og þægindastuðli. Þar líður okkur best, í faðmi fjölskyldunnar. Við búum miðsvæðis í borginni og því er mikið rennerí af gestum og það er akkúrat eins og við viljum hafa það," segir Þórunn kát.

Heimili Þórunnar og Snorra er hlýlegt með gömlum, uppgerðum húsgögnum í bland við nútímalegri húsmuni. Til að kóróna heimilislegt andrúmsloftið er mikið um fallegar plöntur.

„Mig langar dálítið í fallega ljósakrónu í stofuna," segir Þórunn þegar hún er spurð hvað hana langi næst að kaupa fyrir heimilið en að hennar mati þarf ekki að bæta miklu við því það sé nú þegar besti staðurinn til að vera á.

„Það er fjölskyldan, vel funkerandi eldhús, afdrep sem snýr í suður og góður kúrusófi," segir hún án hiks.

## Innblástur frá Vífilsfelli

Þórunn fékk nýverið styrk frá Kvikmyndasjóði Íslands til að skrifa handrit að kvikmynd í fullri lengd. Hún hefur verið að sinna því undanfarið og þar koma uppáhalds heimilismublur leikkonunnar við sögu.

„Við eigum tvo mjög kósí stóla sem í daglegu tali á heimilinu kallast mömmu- og pabbastólarnir. Ég skrifa mikið í stólunum og sit í þeim til skiptis til að breyta um stöðu á bakinu. Stólarnir standa í fallegri umgjörð með útsýni yfir garðinn og alla leið austur að Vífilsfelli. Það veitir mér mikinn innblástur," segir Þórunn sem í haust stefnir á að ljúka við skrif heimildaleikrits og handrits að stuttri fræðslumynd sem hún fékk líka styrk til að gera. „Það verður því mikið að gerast í mömmu- og pabbastólunum á næstunni," segir Þórunn og hlær sínum dillandi hlátri.

## Fjölskyldustund í garðinum

Þórunn er með græna fingur og nýtur þess að nota blómlegan garðinn sinn á sumrin.

„Það nýjasta sem ég keypti til heimilisins voru sumarblóm. Þau gleðja mig mikið og eru ómissandi á sumrin. Heimilislegasta upplifunin finnst mér að vera heima á frídegi þegar vel viðrar og við fjölskyldan sitjum úti í garði að fá okkur hádegismat í rólegheitunum," segir Þórunn sem þykir skemmtilegast að elda þegar kemur að húsverkunum.

„Ég er eflaust eins og hver önnur húsmóðir, alltaf að taka til, þvo þvott, ryksuga og skúra en ég elska að elda góðan mat og fá vini og fjölskyldu í mat. Við reynum að vera skapandi í eldamennskunni og breytum mikið til en ætli það sé ekki algengast að ég eldi mexíkóskan mat, taco eða burrító með heimagerðu Þórunnar-guacamoli. Þegar að bakstrinum kemur baka ég svo oftast sjónvarpsköku sem er algjört lostæti," segir Þórunn hin húslegasta.

## Brosleg framkvæmdagleði

Hjónin Þórunn og Snorri eru samtaka þegar kemur að framkvæmdagleði og sífellt að dytta að heimilinu.

„Við Snorri erum alltaf í einhverjum framkvæmdum og svo mikið að vinir okkar gera endalaust grín að því. Við höfum þó verið óvenju róleg síðan í fyrrasumar þegar við stækkuðum sólpallinn okkar örlítið," segir Þórunn sem tók með sér veganesti frá foreldrum sínum þegar hún fór að heiman og stofnaði sitt fyrsta heimili.

„Hann pabbi minn lagði mikið upp úr því að vera gestrisinn og stressa sig ekki of mikið yfir hlutunum, og ég lærði heilmikið af því að dútla í garðinum með mömmu," segir Þórunn innan um litrík blóm í fögrum garði.

Í sumar vinnur hún í annað skiptið með Leikhópnum Lottu og fer með hlutverk í nýjum fjölskyldusöngleik eftir Önnu Bergljótu Thorarensen.

„Þetta er sambland af ævintýrinu um Litlu hafmeyjuna eftir H.C. Andersen og þjóðsögunni um Hlina kóngsson, útfært að hætti Lottu," útskýrir Þórunn en verkið er með frumsaminni tónlist, húmor og mikilvægum boðskap, eins og von er og vísa hjá leikhópnum.

„Þetta er dásemdar sumarverkefni. Það er yndislegt að ferðast með útileikhúsi og góðum vinum um fallega landið okkar og vinna við það að koma leikhúsmenningu til allra landsmanna. Við sýnum alltaf í Elliðaárdalnum klukkan sex á miðvikudögum og fólk er mjög duglegt að mæta með krakkana sína, klætt eftir veðri og situr á teppi, jafnvel með nesti og nýtur leiksýningar. Um daginn voru til dæmis 700 manns á einni sýningu í dalnum, sem er samt ekki áhorfendamet hjá leikhópnum," upplýsir Þórunn sem tekur þátt í um það bil 80 sýningum Lottu í sumar en sýningarplanið má sjá á leikhopurinnlotta.is.



Þórunn (fyrir miðju) fer nú með hlutverk eins tröllanna úr þjóðsögunni um Hlina kóngsson.

> Við búum miðsvæðis í borginni og því er mikið rennerí af gestum og það er akkúrat eins og við viljum hafa það.



Þetta fallega Búddalíkneski er í miklum metum hjá Þórunni en það var kær gjöf frá Ingibjörgu systur hennar.



Garðsettið keypti Þórunn notað en það var flutt inn frá Taílandi. Það er níðþungt og hefur Þórunn því lofað hjálpfúsum vinum sínum að flytja ei meir.



# LAXDAL
# SUMARÚTSALAN HAFIN
# 20%-70% afsláttur

GÆÐAMERKJAVARA Á EINSTÖKU VERÐI





SUMARYFIRHAFNIR - FERÐAJAKKAR - FRAKKAR - SUMARKÁPUR - HEILSÁRSKÁPUR





BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

**Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól. Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Bátar

VEIÐIPORTIÐ



**Frábærir slöngubátar**
300 cm. – 99.000kr
330 cm. – 149.000 kr.
360 cm. – 189.000kr
430 cm. – 299.000kr
5 ára ábyrgð

Nánar um bátana á
**veidiportid.is**

**Veiðiportið**
Grandagarði 3
101 .s.552-9940

## Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Varahlutir

Ljósboginn ehf.
**Altenatorar & Startarar**



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**
- **Smíðavinna**
- **Múrvinna**
- **Málningarvinna**

**☎ 788 8870**
**eind@eind.is**
Eind ehf

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Getum bætt við okkur verkefnum í öllu viðhaldi innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
**LÓÐAFRAMKVÆMDIR**
- **Jarðvinna**
- **Drenlagnir**
- **Hellulagnir**
- **Þökulagnir**

**☎ 788 8870**
**eind@eind.is**
Eind ehf

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.** Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
- *Tjaldvagninn* • *Fellihýsið*
- *Húsbílinn* • *Bátinn*
- *Hjólhýsið* • *Sumarhúsið*
- *Heimilið o.m.fl!*

Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

## Heimilið

## Barnavörur

Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

HUMBAUR

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.

**Topplausnir**
www.Topplausnir.is • S: 5177718
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Sveitarfélagið Vogar

# ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir tilboðum í verkið
**"Vogar – Endurbætur fráveitu".**

Verkið felst í fullnaðarfrágangi á steyptu dælumannvirki við núverandi útrás neðan Akurgerðis ásamt fullnaðarfrágangi á nýrri dælulögn frá dælumannvirkinu að núverandi sjálfrennslislögn í Hafnargötu þar sem hún tengist henni. Núverandi yfirfall tengist nýju dælumannvirki en helst að öðru leyti óbreytt, upphafshluti núverandi útrásar tengist í nýtt dælumannvirki en sjólögnin leggst af.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Rif yfirborðs | 490 m2 |
| Uppgröftur og endurfyllingar | 1165 m3 |
| Aðflutt fylling | 460 m3 |
| Losun á klöpp | 15 m3 |
| Lögn, PEH ø180mm | 430 lm |
| Brunnur,1000mm | 1 stk. |
| Steypumót | 120 m2 |
| Járnabinding | 2600 kg |
| Steinsteypa | 17 m3 |
| Skólpdælur | 2 stk |
| Lensidæla | 1 stk |
| Malbik | 580 m2 |
| Grasþökur | 570 m2 |

Framkvæmdatími hefst þriðjudaginn 20. ágúst 2019, strax eftir afstaðna bæjarhátíð sveitarfélagsins Voga.

Framkvæmdum skal vera að fullu lokið eigi síðar en 15. október 2019.

Þeir sem hyggjast bjóða í verkið skulu óska eftir útboðsgögnum með því að senda tölvupóst á netfangið skrifstofa@vogar.is eða hringja í síma 440 6200 og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá þá útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eigi síðar en þriðjudaginn 16. júlí 2019 kl. 11.00, og verða þau opnuð þar í samræmi við ákvæði greinar 2.5 í ÍST 30.



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

**Traust og fagleg starfsmannaveita**
sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

**Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins**

HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000
info@handafl.is | **handafl.is**

Í dag eru **46** skráðar bensínstöðvar innan marka Reykjavíkurborgar og eru þá meðtaldar smærri sjálfsafgreiðslustöðvar. Heildarflatarmál lóðanna er um **141** þúsund fermetrar. Samkvæmt útreikningum borgarinnar samsvarar flatarmál þeirra landi sem gæti rúmað um **1.000** til **1.400** íbúðir í þéttri byggð eða því sem næst heilu skólahverfi.




## Stóru lóðirnar á forgangslistanum

Tíu stærstu lóðirnar í Reykjavík sem eru á forgangslista borgaryfirvalda vegna áforma um fækkun bensínstöðva.

**1.** Ægisíða 102 — **5.993 m²**
**2.** Birkimelur — **1.452 m²**
**3.** Hringbraut 12 — **4.766 m²**
**4.** Skúlagata 9 — **1.445 m²**
**5.** Egilsgata 5 — **2.312 m²**
**6.** Skógarhlíð 16 — **4.305 m²**
**7.** Háaleitisbraut 12 — **1.911 m²**
**8.** Kleppsvegur — **1.902 m²**
**9.** Stóragerði 40 — **2.065 m²**
**10.** Skógarsel 10 — **2.450 m²**

staðar í fyrirsjáanlegri framtíð og við eigum vel staðsettar stöðvar við helstu stofnbrautir landsins. Það eitt setur okkur í lykilstöðu til að þjónusta bíleigandann sama hvaða orku hann kýs að nýta sér. Það mun enginn sinna þeirri þjónustu án þess að hún sé arðbær, þannig ganga hagkerfi fyrir sig. Við erum ekki að veðja á einn orkugjafa því við teljum lausnirnar verða margþættar ef orkuskipti eiga að geta átt sér stað. Vetnið mun hins vegar gegna lykilhlutverki í orkuskiptum að okkar mati," segir Benedikt.

*Hver er ykkar sýn á tækifæri til fasteignaþróunar á lóðum félagsins í Reykjavík?*

„Okkar sýn er frekar einföld. Það er of mikið af bensínstöðvum í Reykjavík og þeim er hægt að fækka töluvert án þess að það bitni um of á þjónustu við viðskiptavini. Mikið af þessum stöðvum eru mjög vel staðsettar, jafnvel inni í grónum hverfum. Það að minnka yfirbygginguna kemur sér ekki bara vel fyrir hluthafa félagsins því aukin hagkvæmni mun líka skila sér til viðskiptavina. Svo munu enn fleiri njóta góðs af breytingunum en í samvinnu við Reykjavíkurborg er markmiðið að auka íbúðauppbyggingu og aðra starfsemi á þessum lóðum. Við ætlum okkur hins vegar ekki að verða leigufélag, heldur stefnum við að því að selja valdar lóðir eða jafnvel leggja lóðir inn í spennandi fasteignaverkefni sem við síðan seljum frá okkur," segir Benedikt.

Olíustöðvar og fasteignir Skeljungs voru bókfærðar á 8,9 milljarða króna í reikningi félagsins fyrir árið 2018. Merki um aukna áherslu á fasteignaþróun mátti sjá í nýlegu stjórnarkjöri olíufélagsins þar sem Þórarinn Arnar Sævarsson, einn eigenda RE/MAX á Íslandi, var kjörinn í stjórn.

*Hvernig sérðu fyrir þér að rekstrarumhverfi olíufélaganna muni breytast á næstu árum? Verður landslagið á markaðinum gjörbreytt eftir tíu ár?*

„Rekstrarumhverfið mun ekki breytast á einni nóttu. Það er líka erfitt að tala um olíufélögin eins og um eitt félag sé að ræða því hvert þeirra mun þróast með sínum hætti. Stór hluti starfsemi Skeljungs er til að mynda í Færeyjum þar sem áskoranirnar eru að einhverju leyti þær sömu en þar sjáum við líka mikil tækifæri til frekari uppbyggingar þó þau tækifæri séu ekki endilega þau sömu og á Íslandi. Eignasafn félagsins og traustur grunnrekstur býður upp á tækifæri til að skjóta nýjum stoðum undir reksturinn og á það stefnum við."

> **Það er mikil áskorun fyrir hefðbundið fyrirtæki á eldsneytismarkaði að takast á við þau orkuskipti sem eru við sjóndeildarhring.**
>
> Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís



### Stóra myndin á eftir að skýrast

Arnar I. Jónsson, sérfræðingur í hagfræðideild Landsbankans, segir ljóst að þróunin sé í áttina að því að tvinna saman bensín og dagvöru.

„Þetta var auðvitað ein af ástæðunum á bak við þessa tvo stóru samruna, annars vegar N1 og Festar og hins vegar Olís og Haga. Þarna geta falist mikil tækifæri en aftur á móti er óvissa um hver næstu skref verða. Félögin eru nú þegar komin langt með samþættingu og samlegð, m.a. í höfuðstöðvum, birgðahaldi og dreifingu, en útfærslan á heildarmyndinni eftir sameiningu á eftir að koma í ljós," segir Arnar.

„Það eru töluverðar breytingar fram undan þó að þær verði ekki á allra næstu misserum. Það á eftir að koma í ljós hversu hröð orkuskiptin verða og hvernig þjónustuframboð bensínstöðva mun þróast með breytingunum. Í þessu samhengi er gaman að skoða hvernig þróunin hefur verið á nýjum keyptum bílum. T.d. voru vistvænir/fjölorkubílar þrjú prósent nýrra bíla árið 2013 en 20 prósent árið 2018. Þá hefur stefna stjórnvalda og tækniþróun bifreiðaframleiðenda mikið að segja um hraða orkuskipta," segir Arnar.

Stefna Skeljungs á sviði smásölu hefur hins vegar ekki verið skýr hingað til. „Skeljungur hefur fest kaup á litlum félögum á markaði með sölu varnings á netinu en sú stefna sem félagið ætlar að marka sér á þeim vettvangi er enn óljós, ásamt því að samkeppni á þeim markaði á væntanlega eftir að harðna þegar stórir aðilar á smásölumarkaði fara að setja aukinn kraft í netverslun. Skeljungur hefur samt sem áður gefið út að smásölustefna félagsins sé í skoðun og ekki ólíklegt að Skeljungur verði þátttakandi á smásölumarkaði í náinni framtíð, sérstaklega í ljósi innkomu reynslumikilla aðila úr smásölu í eigendahóp félagsins" segir Arnar en félagið 365 miðlar, sem er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, er orðið stærsti hluthafi olíufyrirtækisins með rúman 10 prósenta hlut. Þess skal getið að 365 miðlar eiga Torg, útgáfufélag Fréttablaðsins.

Á móti hafi Skeljungur lagt mikla áherslu á alþjóðlega sölu á skipaeldsneyti og þar liggi tækifæri félagsins til vaxtar. Íslenska olíufélagið geti einnig leikið nokkuð stórt hlutverk í þeim breytingum sem eru á teikniborðinu á raforkumarkaðinum í Færeyjum. Þá segir Arnar að stjórnendur olíufélaganna geri sér grein fyrir þeim verðmætum sem felast í sumum lóðum þeirra, sérstaklega í ljósi áforma Reykjavíkurborgar um að fækka bensínstöðvum. Félögin séu byrjuð að huga að og forgangsraða fasteignaþróunarverkefnum en stefna borgaryfirvalda gæti hraðað þróuninni.

> **Mín skoðun er sú að bensínstöðvar sem slíkar verði ekki lengur til þegar landið hefur verið rafbílavætt að fullu.**
>
> Guðrún Ragna Garðarsdóttir, forstjóri Atlantsolíu



### Atlantsolía í ólíkri stöðu

Atlantsolía hefur ekki brugðið á það ráð að útvíkka starfsemina. Þvert á móti hefur félagið fjárfest enn frekar í bensínstöðvarekstri. Atlantsolía keypti fimm bensínstöðvar sem Olís var gert að selja í kjölfar samrunans við Haga og hafði áhuga á stöðvunum sem N1 þurfti að selja í kjölfar samrunans við Haga. Samkeppniseftirlitið setti hins vegar það skilyrði að N1 þyrfti að selja til „nýrra aðila".

Guðrún Ragna Garðarsdóttir, forstjóri Atlantsolíu, segir enga ástæðu til að örvænta þó að útlit sér fyrir að olíunotkun muni dragast saman á næstu áratugum. Fyrirtækið áformi ekki að fjárfesta í annars konar smásölurekstri heldur einblína áfram á olíuna.

„Við erum olíufélag og göngumst við því. Fókusinn er og verður áfram á því að bjóða ódýrt bensín. Við erum meðvituð um að allar spár geri ráð fyrir minnkandi notkun á jarðefnaeldsneyti á næstu 20 til 30 árum en þetta gerist ekki á einni nóttu. Fólk hefur kannski aðeins farið fram úr sér með tímasetningar," segir Guðrún Ragna en hún telur að bensínstöðin sem slík muni á endanum verða úrelt.

„Mín skoðun er sú að bensínstöðvar sem slíkar verði ekki lengur til þegar landið hefur verið rafbílavætt að fullu. Fyrst og fremst mun fólk nota heimilið og vinnustaðinn til þess að hlaða bílana og síðan verða hraðhleðslustöðvar fyrir utan verslunarkjarna þar sem fólk hefur kost á því að gera eitthvað við tímann á meðan bíllinn er í hleðslu. Það stoppar enginn í 25-35 mínútur og gerir ekki neitt. Fólk verður meira að segja pirrað ef það er meira en fimm mínútur inni á bensínstöð. Þetta verður ekki þannig að olíufélögin fari að selja rafmagn á bensínstöðvum í staðinn fyrir bensín. Umhverfið verður allt öðruvísi," segir Guðrún Ragna.

„Ég hef alltaf upplifað lifandi samkeppni og mikil læti á þessum markaði og þannig verður það áfram. Þegar magnið fer minnkandi skiptir hver viðskiptavinur meira máli. Nú er hins vegar komin upp ný staða eftir að tvö stærstu olíufélögin runnu inn í tvær stærstu matvörukeðjurnar og það mun koma í ljós hvernig spilast úr því," segir Guðrún Ragna, spurð nánar um það hvernig samkeppnisumhverfið muni þróast. Þá segir hún að Atlantsolía sé í annarri stöðu en hin stóru olíufélögin hvað lóðir og fasteignir varðar.

„Frá árinu 2008 höfum við einungis byggt litlar og nettar stöðvar með tveimur dælum. Lóðirnar eru hlutfallslega smáar, hver á bilinu 500 til 1.000 fermetrar, og það er enginn að fara að byggja fjölbýlishús á slíkri lóð. Auk þess erum við að leigja megnið af lóðunum á höfuðborgarsvæðinu. Að þessu leyti erum við í allt annarri stöðu en hin félögin sem hafa fengið úthlutaðar risastórar lóðir og hafa tækifæri til að byggja á þeim ef stöðvunum verður lokað."

# Pöntunarfrestur lykill að minni sóun

## Svipmynd

**Kristófer Júlíus Leifsson**

**Nám:**
Iðnaðarverkfræði B.Sc.

**Störf:**
Framkvæmdastjóri og annar stofnenda Eldum rétt

**Fjölskylduhagir:**
Hinn helmingurinn er Hrafnhildur Hermannsdóttir og saman eigum við Áróru Aldísi, 4 ára, og Albert Inga, 1 árs.



Kristófer segir að það sé umhverfisvænni kostur að kaupa tilbúna matarpakka heldur en að versla í matvörubúð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristófer Júlíus Leifsson er einn af stofnendum Eldum rétt sem býður upp á þjónustu að senda eða afhenda hráefni og uppskriftir að hollum máltíðum fyrir heimilið.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Dagurinn byrjar yfirleitt við fagra tóna yngsta barnsins sem vill meina að kominn sé dagur, yfirleitt aðeins fyrr en við foreldrarnir viljum meina. Mjög skilvirk vekjaraklukka í 90% skiptanna, hins vegar á fullkomlega handahófskenndan máta. Ég byrja á að gefa börnunum hafragraut og gera þau klár fyrir leikskólann. Sjálfur byrja ég svo daginn yfirleitt á epli með hnetusmjöri, kaldri sturtu og fer svo með krakkana í leikskólann eða fer beint í vinnuna.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég veit fátt skemmtilegra en að spila góðan bumbubolta á miðvikudögum og verð í góðu skapi allan næsta dag ef ég skora nokkur mörk. Ég hef líka mjög gaman af því að fara á snjóbretti og eiga góðar stundir með fjölskyldunni.

Það sem kemur mér í gott jafnvægi og lætur mér líða vel er þegar ég næ að stunda reglulega öndunaræfingar, hugleiðslu og kaldar sturtur.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Ég verð þá orðinn 42 ára fimm barna faðir og elsta barnið mitt að byrja sitt síðasta grunnskólaár. Ég sé fyrir mér að vera kominn í kvöldskóla eða jafnvel farinn að halda einhver námskeið sjálfur. Ég hef virkilega gaman af því að tileinka mér nýja þekkingu. Mig langar svo gjarnan að taka þátt í uppbyggingu á öðru fyrirtæki sem getur teygt sig inn á erlenda markaði líka.

*Hvaða stjórnunarhætti hefurðu tileinkað þér?*

Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt á því sviði. Eitt af lykilatriðunum sem margir reynsluboltar tala um er að gera starfsmenn ábyrga fyrir sínum verkefnum. Í upphafi var maður ábyrgur fyrir svo mörgu og oft erfitt að sleppa takinu. En þetta ráð hefur reynst gríðarlega vel. Því meiri ábyrgð sem starfsmenn tileinka sér í bland við mikinn metnað er uppskrift að flottri velgengnissögu.

*Hverjar eru þínar fyrirmyndir?*

Ég er með langan lista en ef ég yrði að nefna þrjá væru það Wim Hoff, Satya Nadella og Elon Musk. Wim Hoff hefur hjálpað mér að lifa meira í núinu og fá meiri þrótt. Satya Nadella hefur sýnt fram á að með því að opna dyrnar fyrir nánara samstarfi við samkeppnisaðila sína líður öllum betur, bæði viðskiptavinum og fyrirtækinu. Elon Musk hefur sýnt fram á að hið ómögulega sé hægt með trúnni, rétta teyminu og viljastyrk.

*Hver er ástæðan að baki miklum vexti Eldum rétt?*

Fyrirmyndarþjónusta – ef eitthvað fer úrskeiðis þá reynum við alltaf að bæta fyrir það eins vel og hægt er hverju sinni. Við leggjum okkur mikið fram við að bjóða upp á bragðgóðan mat úr sem ferskustu hráefnum hverju sinni. Viðskiptavinir okkar hafa líka verið duglegir að mæla með okkur sem hefur hjálpað okkur mikið.

*Hvaða tækifæri sérðu fram undan í þessari grein?*

Við sjáum fram á að geta boðið upp á meiri sveigjanleika og fjölbreyttara úrval. Það verður sífellt brýnni þörf fyrir umhverfisvænni kosti. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að þegar öll virðiskeðjan er skoðuð þá sé umhverfisvænni kostur að kaupa tilbúna matarpakka heldur en að versla í matvörubúð þrátt fyrir þá auknu umbúðanotkun sem felst í matarpökkunum. Helsti ávinningurinn felst í pöntunarfrestinum svo hægt sé að panta inn og framleiða allt í réttu magni. Á tímum sem allt þarf að gerast strax teljum við pöntunarfrestinn vera lykilinn að minni sóun og minnkun á fótspori neytenda.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar?*

Það er mikil áskorun að vera á eyju úti í miðju Atlantshafi og bjóða upp á fersk matvæli. Sem betur fer hefur okkur tekist að mynda sterk og góð tengsl við okkar birgja sem gerir okkur þetta kleift. Næsta áskorun er að hjálpa viðskiptavinum okkar að muna eftir því að panta í tæka tíð sem er áskorun fyrir alla. Við bindum vonir við að appið okkar, sem kemur út á næstu dögum, muni hjálpa viðskiptavinum okkar mikið.

# Lykilstjórnendur kínverska risans Alibaba draga sig brátt í hlé

Senn líður að því að lykilstjórnendur kínverska netverslunarrisans Alibaba dragi sig í hlé. Jack Ma, sem stofnaði fyrirtækið fyrir 20 árum, mun víkja úr sæti stjórnarformanns í september og framkvæmdastjórinn, Joe Tsai, ber ábyrgð á færri verkefnum en áður.

Í síðustu viku, minna en ári eftir að Ma upplýsti að hann hygðist láta af störfum, tilkynnti fyrirtækið að fjármálastjórinn Maggie Wu myndi taka að sér stefnumarkandi fjárfestingar og starfa við hlið Tsai.

Ma og Tsai eru óhjákvæmilega alltaf tengdir við Alibaba sem metið er á yfir 400 milljarða dollara. Sagt er að Tsai sé eins konar hliðarsjálf við Ma sem er óútreiknanlegur. Tsai er fágaður, lærði lögfræði í Yale og getur rætt við háa sem lága, segir í frétt Financial Times.

Það hefur verið rætt innan veggja Alibaba frá árinu 2002 að Ma myndi stíga til hliða því fyrirtækið óx svo hratt. Sú vinna hefur leitt til þess að fjöldi starfsmanna getur tekið að sér mikla ábyrgð.

Yngri stjórnendur hafa að undanförnu verið ráðnir í æðstu stjórnendastöður samhliða breyttu landslagi í rekstri. Dregið hefur úr hagvexti í Kína, færri nýir eru að byrja á netinu en áður og samkeppnin fer stigvaxandi.



Jack Ma, stofnandi Alibaba, er ólíkindatól. Hér bregður hann sér í gervi Michaels Jackson. NORDICPHOTOS/GETTY

Stjórnvöld gefa enn fremur tæknirisum ekki jafn lausan taum og áður. Tollastríð Kína og Bandaríkjanna hefur haft það í för með sér að virðiskeðjur fyrirtækja eru ekki jafn fýsilegar og áður. Tollastríðið hefur jafnframt haft slæm áhrif á markað með kaup og sölu á fyrirtækjum.

Daniel Zhang, forstjóri Alibaba og verðandi stjórnarformaður, og Wu, sem starfað hefur fyrir tæknirisann frá árinu 2007, fá helstu áskoranir í rekstrinum í fangið. Þau eru endurskoðendur og búist er við að þau muni stýra fyrirtækinu með hefðbundnari hætti en áður hefur verið. Reiknað er með að þau muni beina sjónum sínum í meiri mæli að heimamarkaði sem rekja má meðal annars til tollastríðsins.

Sagt er að það sé rökrétt að Wu taki við fjárfestingunum því ekki sé nóg að eignast hluti í fyrirtækjum heldur þurfi að tengja þau við Alibaba-vistkerfið. Þar með er ekki sagt, að verið sé að búa hana undir að verða forstjóri. Hennar helstu styrkleikar felast í fjármálastjórn, segir í fréttinni.

Að því sögðu hefur hún tekið yfir mikilvægan hlekk í starfsemi Alibaba. Tæknirisinn hefur nefnilega fjárfest í um 350 fyrirtækjum. Alibaba er engu að síður hálfdrættingur á við keppinautinn Tencent hvað þetta varðar. Hjá Alibaba starfa um 100 manns við fjárfestingar og sviðið skilaði um 30 prósentum af hagnaði fyrirtækisins í fyrra.

Jack Clark, höfundur bókarinnar Alibaba: The House That Jack Ma built, segir að ólíklegt sé að tvíeykið muni eitt setja saman stórar áætlanir um fjárfestingar alþjóðlega. Nefndir muni taka það að sér enda sé fyrirtækið að verða æ miðstýrðara.

Innanbúðarmenn eru brattari hvað varðar nýjan kafla í rekstri Alibaba. Þeir rifja upp að áður hafi verið sagt að enginn gæti komið í stað Steve Jobs, forstjóra Apple, en Tim Cook og hans teymi hafi tekið við keflinu og staðið sig glimrandi vel.

Aðrir benda á að Jack Ma hafi enn mikið að segja um hverjir sitja í stjórn netverslunarrisans.

helgivifill@frettabladid.is

# Ábyrgð er hægt að meta til fjár




**Vigdís Sif Hrafnkelsdóttir** viðskiptastjóri í fagfjárfestaþjónustu Landsbankans, og meðlimur í fræðsluhóp IcelandSIF

**Kristín Jóna Kristjánsdóttir** fjárfestingastjóri hjá Íslandssjóðum og meðlimur í fræðsluhóp IcelandSIF



Rannsóknir sýna að fyrirtæki sem taka tillit til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta (UFS) í rekstri sínum draga úr áhættu og eru þar með líklegri til að ná árangri til lengri tíma litið. Slík fyrirtæki ættu því að vera verðmætari í augum fjárfesta. Vandinn er sá að til skamms tíma hefur verið erfitt að meta þessa UFS-þætti til fjár. Það er þó óðum að breytast og í þessari grein er fjallað um helstu aðferðir sem þróaðar hafa verið við mat á UFS-þáttum við greiningu á fjárfestingarkostum.

**Neikvæð skimun algengust**

Samkvæmt nýjustu rannsókn Eurosif, samtaka um ábyrgar fjárfestingar í Evrópu, er neikvæð skimun enn algengasta aðferðin sem fjárfestar beita. Neikvæð skimun gengur út á að útiloka lánveitingar til eða fjárfestingar í fyrirtækjum sem stunda starfsemi sem metin er óæskileg, s.s. áfengis- og tóbaksframleiðslu, veðmálastarfsemi, vopnaframleiðslu og klámiðnað. Fjárfestar útfæra neikvæða skimun með ýmsum hætti. Mismunandi er hversu langt er horft eftir virðiskeðjunni, allt frá því að útiloka eingöngu fyrirtæki sem stundar þessa starfsemi allt til þess að útiloka tengda aðila svo sem móður- og dótturfélög, eða jafnvel birgja og dreifingaraðila. Norski olíusjóðurinn beitir neikvæðri skimun og horfir langt eftir virðiskeðjunni og birtir jafnframt lista á vef sínum yfir þau fyrirtæki sem hann hefur útilokað.

**Vinsældir jákvæðrar skimunar aukast**

Jákvæð skimun er aðferð sem hægt er að beita einni og sér eða með öðrum aðferðum og þá oftast með virku eignarhaldi eða útilokun. Ef fyrirtæki í eignasafni fjárfesta uppfylla ekki UFS-þættina geta fjárfestar átt samtal við fyrirtækið. Í kjölfarið er ákveðið hvaða aðgerða er rétt að grípa til og hvort t.d. nauðsynlegt sé að selja hluti í viðkomandi fyrirtæki. Vinsældir þessarar aðferðar hafa aukist mikið á síðustu árum, sérstaklega á Norðurlöndum en henni er einnig mikið beitt í Frakklandi og Hollandi. Algengast er að viðmið UN Global Compact um jákvæða skimun sé notað við greiningu á fyrirtækjum.

> **Í rannsókn Morgan Stanley um fjárfestingar og sjálfbærni frá árinu 2017 kom meðal annars fram að mikill meirihluti fjárfesta af aldamótakynslóðinni telur að fjárfesting þeirra geti haft áhrif á loftslagsbreytingar af mannavöldum.**

**Sjálfbærar þemafjárfestingar**

Sjálfbær þemafjárfesting sem byggir á því að horfa sérstaklega á ákveðnar tegundir fjárfestinga sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi t.d. varðandi loftslagsbreytingar, fæðu, vatn, endurnýjanlega og hreina orkugjafa og landbúnað. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna falla vel að þessari aðferðafræði þar sem áhersla í fjárfestingum er á tiltekin málefni. Mikil aukning hefur verið í fjárfestingum sem er ætlað að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga og bæta aðgengi að vatni.

**Beita áhrifum með virku eignarhaldi**

Þegar búið er að fjárfesta í fyrirtæki hafa fjárfestar þann möguleika að hafa skoðun og áhrif á stefnu fyrirtækja hvað varðar UFS-þætti. Með því geta fjárfestar haft meiri áhrif á rekstur fyrirtækisins heldur en með því að selja einfaldlega hluti sína sem leiðir til þess að fjárfestirinn hefur takmarkað vald til að beina fyrirtækinu á rétta braut. Lífeyrissjóðir eiga nú um 40 prósent af skráðum félögum í íslensku kauphöllinni. Það er ljóst að lífeyrissjóðir geta haft veruleg áhrif með virku eignarhaldi.

**UFS fléttað inn í virðismatið frá upphafi**

Ef UFS-þættir eru frá upphafi teknir með í reikninginn við greiningu fyrirtækja geta þeir haft bein áhrif á verðmat. Töluverð þróun hefur orðið við framsetningu á mælikvörðum UFS-þátta og má í því sambandi benda á viðmið Nasdaq-kauphallarinnar og Heimsmarkmið SÞ. Til skamms tíma hafa fjárhagslegar greiningar og mat á UFS-þáttum verið aðskilið í hefðbundnum greiningum og aðeins verið hugað að UFS-þáttum eftir að ákvörðun um fjárfestingu hefur verið tekin. Þetta er þó að breytast og UFS-þættir eru í auknum mæli taldir hafa fjárhagslega þýðingu og þeir fléttaðir inn í greiningu frá upphafi.

**Sitja eftir ef ekkert er gert**

Skýrar vísbendingar eru um að ungt fólk horfi í mun meiri mæli til UFS-þátta og vilji hafa áhrif með fjárfestingum. Í rannsókn Morgan Stanley um fjárfestingar og sjálfbærni frá árinu 2017 kom meðal annars fram að mikill meirihluti fjárfesta af aldamótakynslóðinni telur að fjárfesting þeirra geti haft áhrif á loftslagsbreytingar af mannavöldum. Ein af niðurstöðum þessarar rannsóknar var að fyrirtæki verða að líta til sjálfbærni í starfsemi sinni til að lenda ekki utan fjárfestamengis aldamótakynslóðarinnar.



# Skotsilfur

## Ný stjórn HS Orku



Breytingar hafa orðið á stjórn HS Orku eftir að Jarðvarmi, félag í eigu lífeyrissjóða, og breska fyrirtækið Ancala Partners eignuðust hvort um sig helmingshlut í félaginu. **Gylfi Árnason** verkfræðingur hefur verið kjörinn stjórnarformaður og þá hafa þau Heike Bermann, sem starfar fyrir Voith Hydro Holding, og Kurt Hakansson, stjórnarformaður Coromatic Group, tekið sæti sem fulltrúar Ancala. Anna Skúladóttir endurskoðandi situr enn í stjórninni en hún hefur verið þar frá 2012.

## Sigþór til GEG



**Sigþór Jónsson**, sem starfaði síðast hjá dótturfélagi Kviku banka í Bretlandi, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Green Energy Iceland. Kanadíska fjárfestingarfélagið Energy Co-Invest Global keypti í haust helstu eignir orkufyrirtækisins Green Energy Geothermal (GEG), þar á meðal Green Energy Iceland. Sameina á starfsemi GEG á heimsvísu í nýjum höfuðstöðvum í Reykjavík. GEG, sem var stofnað af íslenskum verkfræðingum í samvinnu við norska fjárfesta, sérhæfir sig í framleiðslu lítilla og meðalstórra jarðvarmavirkjana. Sigþór var áður framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa.

## Viðskiptasnilld



**Dagur B. Eggertsson** borgarstjóri er í stöðu sem flesta forstjóra á einkamarkaði dreymir um að vera í. Reykjavíkurborg fjárfestir í innviðum fyrir almannafé í gegnum dótturfyrirtækið ON til þess að greiða götuna fyrir rafbílavæðingu borgarinnar en ON bæði framleiðir og selur rafmagn. Á sama tíma ætlar borgin að beita handafli til að ryðja sem flestum bensínstöðvum úr vegi á sem stystum tíma. Það er þægilegt viðskiptamódel að geta skapað meiri eftirspurn eftir sinni eigin vöru með því að beita skipulagsvaldinu til að eyða samkeppninni.

## Róbótar ráða í dulmál seðlabanka




Starfsfólk við vinnu á skrifstofu Nordea Bank í Stokkhólmi. Bankinn hefur innleitt algrímið Frojd sem greinir útgefið efni frá seðlabönkum Evrópu, Englands, Svíþjóðar og annarra landa. Nordea notar algrímið til þess að ráða í yfirlýsingar frá seðlabönkunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Undirbúum næsta hagvaxtarskeið



**Ingólfur Bender**
aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Nú þegar hagkerfið siglir inn í samdrátt er það áleitin spurning á hverju við byggjum næsta hagvaxtarskeið. Með réttum aðgerðum má milda niðursveifluna og tryggja að næsta uppsveifla verði gjöful. Með sterkri samkeppnishæfni atvinnulífsins má auka velferð og bæta lífsgæði. Í því sambandi þarf skýra framtíðarsýn. Við viljum að verðmætasköpunin verði drifin áfram af sjálfbærri nýtingu auðlinda, mikilli nýsköpun, vel menntuðu og hæfileikaríku vinnuafli, traustum innviðum sem uppfylla þarfir samfélagsins og skilvirku, hagkvæmu og stöðugu starfsumhverfi.

Ísland er mjög háð erlendum viðskiptum. Nýliðin efnahagsuppsveifla var í því sambandi, líkt og flestar aðrar uppsveiflur í íslenskri efnahagssögu, drifin áfram af auknum gjaldeyristekjum. Sagan kennir að ef við viljum skara fram úr litið til framtíðar verðum við að skapa og nýta viðskiptatækifærin til að auka útflutningstekjur.

**Hugmyndum breytt í verðmæti**

Samsetning gjaldeyristekna skiptir hér sköpum en árangursríkast er að skapa þær gjaldeyristekjur sem auka innlenda verðmætasköpun hvað mest. Þannig aukum við efnahagsleg lífsgæði í landinu. Nýsköpun sem felst í að breyta hugmyndum í verðmæti er lykillinn að auknum gjaldeyristekjum og hagvexti í framtíðinni, hvort heldur sem er í nýjum sprotum eða í rótgróinni starfsemi.

Gjaldeyristekjur þjóðarbúsins grundvallast nú að stórum hluta á nýtingu náttúruauðlinda. Vegna takmarkaðs umfangs og mikillar nýtingar þessara auðlinda landsins verður hagvöxtur framtíðarinnar að byggja í auknum mæli á hátækniframleiðslu og -þjónustu til útflutnings. Mikilvægt er að náttúruauðlindir landsins muni áfram gefa atvinnulífinu samkeppnisforskot og móta þannig sérhæfingu hagkerfisins. Framþróun efnahagslífsins ræðst af því hversu vel okkur tekst að nýta það forskot til aukinnar verðmætasköpunar.

**Talsverður viðnámsþróttur**

Þrátt fyrir merki um samdrátt stendur íslenska hagkerfið á margan máta vel um þessar mundir. Efnahagsleg lífsgæði hér á landi eru með því sem best gerist í heiminum. Mikilvægt er að byggja á þeim styrkleikum sem hafa skapað okkur þessa stöðu þegar litið er til framtíðar. Þjóðarbúið er ríkt af náttúruauðlindum, með talsvert sterka innviði og vel menntað vinnuafl sem býr yfir miklu frumkvæði og krafti. Hagkerfið er opið og sveigjanlegt sem hefur meðal annars hjálpað við að takast á við miklar efnahagssveiflur í fortíð.

> Mikilvægt er að náttúruauðlindir landsins muni áfram gefa atvinnulífinu samkeppnisforskot og móta þannig sérhæfingu hagkerfisins.

Viðnámsþróttur efnahagslífsins er talsverður nú þegar tekist er á við niðursveifluna. Gjaldeyrisforði Seðlabankans er öflugur og erlend staða þjóðarbúsins jákvæð. Þá hefur eiginfjárstaða heimilanna styrkst mikið í nýliðinni uppsveiflu og skuldastaða þeirra hefur að sama skapi batnað. Einnig er fjárhagsstaða ríkissjóðs nokkuð sterk í alþjóðlegum samanburði sem gefur svigrúm til að milda efnahagsleg áhrif þess samdráttar sem vofir yfir með hagstjórnaraðgerðum á sviði opinberra fjármála í samspili við stjórn peningamála.

**Viðamiklar áskoranir**

Þó staðan sé á margan máta sterk stendur íslenska hagkerfið frammi fyrir viðamiklum áskorunum á sviði efnahagsmála. Veikleikar hagkerfisins eru í því sambandi bæði áskoranir og tækifæri til framþróunar. Þannig er starfsumhverfið óstöðugt og á margan hátt bæði óhagkvæmt og óskilvirkt. Verkefnið nú er að nýta hagstjórnartækin til að tryggja mjúka lendingu hagkerfisins og undirbyggja hagvöxt til lengri tíma. Með öflugri verðmætasköpun á mörgum sviðum má einnig tryggja aukinn stöðugleika.

Þá má nefna að menntakerfið er ekki að mæta nægjanlega vel þörfum atvinnulífs og heimila. Leiða þarf saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins með skilvirkum og hagkvæmum hætti. Uppbyggingu og viðhaldi innviða hefur ekki verið sinnt sem skyldi og hvatar til nýsköpunar eru ekki nægjanlegir. Hagkvæmir, skilvirkir og áreiðanlegir innviðir sem þjóna þörfum atvinnulífs og heimila skila sér í aukinni velmegun og betri lífsgæðum fyrir íbúa. Við getum gert betur og byggt þannig undir hagvöxt framtíðarinnar.

# Byltingin olnbogar sig inn í lífeyrissjóð

**SKOÐUN**



**Helgi Vífill Júlíusson**

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, á það til að snöggreiðast eins og er háttur margra öflugra og litríkra baráttumanna. Stundum tekst honum þó ekki að beina reiðinni í rétta átt, á réttum tíma, í réttum mæli, fyrir réttar sakir og á réttan máta, svo gripið sé í siðfræði Aristótelesar.

Það geta allir látið skapið hlaupa með sig í gönur í hita leiksins. Það er mannlegt. Þegar reiðin sjatnar þarf að hafa hugrekki til að líta í eigin barm.

Því miður hefur Ragnar Þór ekki axlað ábyrgð á framferði sínu gagnvart stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Viðurkennt að hann hafi brugðist of harkalega við þegar sjóðurinn hækkaði húsnæðislánavexti á tilteknu láni – því stjórnin gætti hagsmuna sjóðfélaga – og einfaldlega beðist afsökunar á því að hafa róið að því öllum árum að draga til baka umboð fjögurra stjórnarmanna sem VR skipar í sjóðinn.

Þarna hafði Ragnar Þór ekki hagsmuni sjóðfélaga í fyrirrúmi. Það má einfaldlega ekki líta á sjö hundruð milljarða lífeyrissjóð sem vopn í pólitískri stéttabaráttu. Hlutverk hans er að greiða launþegum ellilífeyri og þarf hann því að skila ásættanlegri ávöxtun. Flestir gera sér grein fyrir því. Þetta er ekki eilífðar gullkista.

Jafnvel þótt íslenska lífeyrissjóðakerfið sé í fremstu röð glímir það við tvenns konar áskoranir. Annars vegar fer vaxtastig lækkandi á heimsvísu. Það verður því æ erfiðara að ná ásættanlegri ávöxtun. Hins vegar er óvíst hve lengi unga fólkið í dag mun lifa en gera má ráð fyrir að margt verði það enn eldra en fyrri kynslóðir. Langlífið krefst hærri lífeyrisgreiðslna.

Það er hættulegt að Ragnar Þór og samstarfsmenn geti skipt út hálfri stjórn lífeyrissjóðsins þegar þeim hentar. Stjórnarmenn eiga einungis að fara eftir eigin samvisku og hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

Rétt er að bera ekki fullt trausts til þeirra stjórnarmanna sem VR hefur skipað í LIVE. Þeir sitja einungis í stjórninni svo lengi sem Ragnar Þór og samstarfsmenn eru ánægðir með þeirra störf. Og VR virðist ekki leggja höfuðáherslu á arðsemi.

Fulltrúi launþegahreyfingarinnar verður stjórnarformaður LIVE næstu þrjú árin. Hann fékk 340 þúsund krónur á mánuði í laun og stjórnarmenn 170 þúsund krónur árið 2018. Það borgar sig að halda VR-félögum sáttum.

Það er því rökrétt að sjóðfélagar LIVE hafi þungar áhyggjur af stöðunni. Byltingin hefur hreiðrað um sig í ellilífeyri þeirra. Það er hættuspil.

# Markaðurinn ER Á FRETTABLADID.IS

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.

Fylgstu með á frettabladid.is/markadurinn




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 26. júní 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

## Sykurskattur til hægri

**Nú er mikið** látið með tillögur Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um að leggja hærri skatt á sykraðar vörur en þær sem hollari eru. Á móti stendur til að lækka skattlagningu á grænmeti og ávexti. Heyrst hefur að Sjálfstæðismenn þurfi heldur betur að kyngja stoltinu til að samþykkja tillögur sem þessar, enda sé þarna um að ræða neyslustýringu sem eigi að vera eitur í beinum hægrimanna.

**En er það** virkilega svo? Auðvitað er það rétt að hægrimenn vilja flestir halda sköttum í lágmarki, og það er göfugt í sjálfu sér. Í þessu tilviki snýst málið hins vegar um að skattleggja aukalega neysluvörur sem óumdeilt valda þjóðfélagslegu tjóni. Afsláttur er gefinn á öðrum æskilegri neysluvörum á móti. Nákvæmlega eins og gert er til að mynda með áfengi og tóbak. Ef menn vilja afnema söluskatt í heild sinni, þá er það allt önnur umræða. Enginn hefur stungið upp á því. Staðreyndin er sú að Íslendingar eru meðal allra feitustu þjóða í Evrópu. Neysla á sykruðum drykkjum og matvælum er landlægt vandamál. Ekki þarf annað en að virða fyrir sér skammtastærðir í ísbúðum til að sjá birtingarmynd þess. Hreyfingarleysi er annað landlægt vandamál. Hér þeysa unglingar í yfirvigt um göngu- og hjólastíga á rafknúnum skellinöðrum. Fólk á öllum aldri ekur allra sinna ferða.

**Skattgreiðendur** greiða fyrir ofneyslu á sykri í gegnum heilbrigðiskerfið. Rétt eins og þeir gera vegna reykinga, fíkniefnaneyslu eða ofneyslu áfengis. Því er ekkert nema eðlilegt að þeir sem neyta þessa varnings í óhófi greiði fyrir það. Í raun má segja að skattur á óæskilegar vörur sé hægristefna í sinni hreinustu mynd. Þeir sem ekki kjósa að neyta sykraðra vara í óhófi eiga ekki að niðurgreiða heilbrigðisþjónustu fyrir þá sem það gera. Flestir eru sammála um að á Íslandi eigi að vera til öryggisnet fyrir þá sem þess þurfa. Á því getur hins vegar verið meginmunur hvort um er að ræða hendingu sem ræður því að fólk þurfi að leita sér aðstoðar, eða hvort þar er um að ræða sjálfskaparvíti eins og í tilviki margs konar lífsstílssjúkdóma.

**Þeir borga** sem nota er gamalgróið slagorð hægrimanna. Í því samhengi er sykurskatturinn hreint hægrimál, og þeir sem þar standa í litrófi stjórnmálanna ættu að taka honum fagnandi. Gæta þarf þess að hann nái til allra sykurvara jafnt. Jafnvel þótt krefir kappar kalli þær öðrum og heilsusamlegri nöfnum, eins og skyr, jógúrt eða jafnvel brauð.

# Höldur kaupir bílasölu á Höfða

Bílaleiga Akureyrar/Höldur hefur fjárfest í bílasölunni Bílalíf. Þetta staðfestir Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds, í samtali við Markaðinn en gengið var frá kaupunum í síðustu viku. Bílalíf, sem er á Kletthálsi, er ein af elstu bílasölum landsins og hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá 1984.

Aðspurður segir Steingrímur að kaupin feli ekki í sér neinar breytingar á bílaleigurekstrinum. „Við erum í samstarfi við nokkrar bílasölur á höfuðborgarsvæðinu og ætlum að halda því áfram. Þarna sáum við einfaldlega viðskiptatækifæri sem okkur leist vel á,“ segir Steingrímur.

Í umfjöllun Markaðarins frá því í mars kom fram að stórar bílaleigur myndu bregðast við erfiðara rekstrarumhverfi með því að kaupa 20-30 prósent færri nýja bíla í ár. – tfh



Steingrímur Birgisson.

22.06.2019

**Ég leyfi mér að fullyrða að þessi staða hafi aldrei komið upp í lífeyrissjóðakerfinu áður.**

Guðrún Hafsteinsdóttir, varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna







Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun.
Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar



UMHVERFIÐ
ÁSTRÍÐA
HREINT
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Keypt & Selt

## Til sölu


STIGA

Einstök gæði



**Stiga TwinClip 50SQB**
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S mótor 625EXI,2,27kW
Tvískiptur hnífur, slær X-smátt
70 ltr.notendavænn graskassi
Frábær sláttuvél

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is



JLG

Til sölu og leigu JLG vinnulyftur



Nánari upplýsingar veitir Sigfús í síma 858 0400

**JLG 530LRT**
Skæralyfta, Diesel

| | |
|---|---|
| Vinnuhæð: | 18,15 m |
| Pallhæð: | 16,20 m |
| Lengd: | 4,88 m |
| Breidd: | 2,31 m |
| Burðargeta: | 680 kg |
| Þyngd: | 7995 kg |

H TÆKJALEIGA
TÆKJALEIGA & SALA
www.htaekjaleigan.is


## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

## Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**


EIGNAMIÐLUN
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090




OPIÐ HÚS - MIÐVIKUDAGINN 26. JÚNÍ, KL. 17.00 - 17.45

**FRAKKASTÍGUR 8 / HVERFISGATA 58A OG B**
Á Frakkastígsreit eru tilbúnar til afhendingar 67 litlar og meðalstórar íbúðir sem tengjast skjólgóðum, lokuðum garði. Um er að ræða 2ja og 3ja herbergja virkilega vandaðar íbúðir. Stæði í bílageymslu fylgir með hluta af íbúðunum. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.

- Stærð íbúða er frá 56 – 100 fm.
- 2ja herb. verð frá 43,7 m.
- 3ja herb. verð frá 55,9 m.

**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir**
löggiltur fasteignasali
hrafnhildur@eignamidlun.is
Sími 862 1110

**Kjartan Hallgeirsson**
löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
Sími 824 9093

**Hreiðar Levý Guðmundsson**
löggiltur fasteignasali
hreidar@eignamidlun.is
Sími 661 6021





## Merkisatburðir

**1823** Kötlugos hefst með stórhlaupi úr Mýrdalsjökli, sem skemmir land í Mýrdal og Álftaveri.

**1847** Aðaljárnbrautarstöðin í Kaupmannahöfn er tekin í notkun.

**1905** Fyrsta loftskeyti erlendis frá berst til Íslands og tekið er á móti því í loftskeytastöð við Rauðará í Reykjavík.

**1921** Kristján X, konungur Íslands og Danmerkur, kemur í heimsókn til landsins.

**1928** Boranir eftir heitu vatni hefjast í Laugardal í Reykjavík.

**1930** Alþingishátíðin er sett á Þingvöllum.

**1973** Gosið í Eldfelli í Vestmannaeyjum hættir eftir fimm mánaða virkni.

**1977** Elvis Presley kemur í síðasta sinn fram á tónleikum í Indianapolis.

**1986** Mikill meirihluti hafnar því í þjóðaratkvæðagreiðslu að heimila skilnaði á Írlandi.




**Ingi Rafn Ingibergsson, fyrirliði Selfoss, Helgi Sigurðsson, Helgi Ólafsson og Skúli Freyr Brynjólfsson dómarar og Konráð Freyr Sigurðsson, fyrirliði Tindastóls, áður en umræddur leikur á Selfossvelli hófst.** MYND/GUÐMUNDUR KARL SIGURDÓRSSON

# Hlaupið til Danmerkur og til baka sem dómari

**Skúli Freyr Brynjólfsson, námsráðgjafi í Keili, dæmdi sinn þúsundasta fótboltaleik nýlega. Það gerðist á Selfossi þar sem Skúli hóf feril sinn bæði í lífi og leik. Hann kveðst aldrei hætta að læra, það sé lykilatriði í að halda starfinu áfram.**

Þetta var bara dásamlegt,“ segir Skúli Freyr Brynjólfsson um tilfinninguna sem hann upplifði við að ná 1.000 leikjum sem dómari í fótbolta. „Það var alls ekki borðleggjandi að ég gæti þetta því ég var svo hjartveikur og sem kornabarni var mér ekki hugað líf, þá átti ég einmitt heima á Selfossi og þar var haldin söfnun til að fjármagna ferð til London í aðgerð. Svo flutti ég aftur á Selfoss eftir að ég kláraði Kennó og þar byrjaði ég að dæma árið 2000. Það var því svolítið magnað að það skyldi hittast þannig á að ég dæmdi þúsundasta leikinn þar, sem var milli Selfoss og Tindastóls.“

Hann kveðst líka hafa farið aftur í stóra hjartaaðgerð árið 2012 og hún hafi heppnast alveg glimrandi vel. Hann sé búinn að dæma um 600 leiki síðan. Þegar blaðamaður dregur skemmtanagildi dómarastarfsins í efa og spyr hvort það sé ekki alltaf verið að skamma hann, svarar Skúli: „Jú, það kemur fyrir. Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá kemur kannski eitthvert vesen upp í einum leik af hverjum tuttugu. Maður væri ekki í þessu ef um tóm leiðindi væri að ræða. Þá mundi heldur enginn endast í þessu starfi.“

Skúli tekur fram að það sé ekkert einsdæmi að dómarar komist yfir 1.000 leikja múrinn, hitt sé sjaldgæfara að þeir séu svo miklir nördar að halda sjálfir utan um leikjafjöldann í Excel. „Það er á kristaltæru að þetta var í þúsundasta skipti sem ég fer að heiman til að dæma fótboltaleik, en þetta er ekki hin opinbera tala, sú sem skráð er hjá KSÍ.“

Hann kveðst hafa lært heilmikið á þessum 1.000 leikjum, bæði á lífið og sjálfan sig. „Þetta starf er orðið partur af manni þannig að stress fyrir leiki er orðið sjaldgæft. Samt er ég enn að lenda í hlutum sem ég hef aldrei lent í áður. Bæði atriðum sem gerast úti á vellinum og svo gera dómarar og aðrir mistök sem maður vissi ekki að væri hægt að gera og ég er ekki saklaus af því. Jafnvel í þúsundasta leiknum mínum var eftirlitsdómarinn að benda mér á hluti sem betur mættu fara þannig að maður hættir aldrei að læra og það finnst mér mikilvægt.“

Spurður í hvaða deildum hann sé helst að dæma svarar Skúli: „Það er auðveldara að segja hvað ég má ekki dæma. Ég má ekki taka þátt í efstu deild karla en öllum öðrum á einn eða annan hátt, og það hef ég gert. Svo er misjafnt hvort ég má vera aðaldómari eða aðstoðardómari. Ég var aðstoðardómari í þúsundasta leiknum sem var í 2. deild karla, þar er ég ekki með réttindi til að vera aðaldómari.“ En finnst honum ekki leiðinlegt að mega ekki halda með einhverju liði? „Nei, það er ákveðinn léttir. Þá þarf maður ekki að hafa tilfinningar til þessa eða hins. Ég held með Manchester United í ensku deildinni og félagar mínir segja að það sé hundleiðinlegt að horfa á fótbolta með mér því ég sé svo hlutlaus!“

Mikil hlaup eru að baki hjá Skúla. Sem aðstoðardómari kveðst hann hlaupa að meðaltali frá 2,5 upp 5 kílómetra en sem aðaldómari 7,5 til 9,5 kílómetra. „Meðaltalið er, hugsa ég, fimm og hálfur til sex kílómetrar í leik. Margfaldaðu það með þúsund og þá ertu komin til Danmerkur og til baka! En þúsundasti leikurinn var bara áfangi á langri leið. Ég er ekkert hættur.“ **gun@frettabladid.is**

**Ég held með Manchester United í ensku deildinni og félagar mínir segja að það sé hundleiðinlegt að horfa á fótbolta með mér því ég sé svo hlutlaus!**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir hlýjar samúðarkveðjur og vinarhug, vegna andláts ástkærs eiginmanns, föður, afa, bróður og mágs,

**Hilmars Péturs Þormóðssonar**
blaðamanns,

sem lést þann 10. maí síðastliðinn.
Þökkum öllum sem komu að umönnun hans.

**Fyrir okkar hönd og annarra ástvina:**

**Björg Atladóttir**
**Atli Örn Hilmarsson**
**Steinþór Óli Hilmarsson**
**Hilmar Ársæll Steinþórsson** **Katrín Ósk Baldvinsdóttir**
**Steinunn Helga Steinþórsdóttir**
**Ásgeir Þormóðsson** **Valgerður Ólafsdóttir.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Theodórsdóttir**
Fögruhlíð 5, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 19. júní.
Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 28. júní kl. 15.00

**Theodór K. Ómarsson** **Ágústa Ólafsdóttir**
**Marta Gígja Ómarsdóttir** **Höskuldur Ragnarsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Ásbjörn Magnússon**

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi 24. júní.
Útför hans fer fram frá kapellunni á Drangsnesi laugardaginn 29. júní kl. 14.

**Valgerður Magnúsdóttir og fjölskylda.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurbjört Bíbí Gústafsdóttir**
Galtalind 1, Kópavogi,

lést sunnudaginn 16. júní.
Útförin fór fram í kyrrþey í Fossvogskapellu að ósk hinnar látnu mánudaginn 24. júní. Okkar bestu þakkir til HERA heimaþjónustu og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir góða aðhlynningu og hlýhug.
Þökkum auðsýnda samúð.

**Emil Guðmundsson**
**Kjartan Þór Emilsson** **María Priscilla Zanoria**
**Ragnar Þór Emilsson** **Sóley Chyrish Villaespin**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Friðrik Jón Dýrfjörð**
vélvirkjameistari,
Hlíð, Siglufirði,

sem lést föstudaginn 14. júní, verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 29. júní 2019 kl. 14.00.

**Erla Eymundsdóttir**
**Sigfús Hlíðar Dýrfjörð** **Anna María Guðmundsdóttir**
**Helena Dýrfjörð** **Björn Jónsson**
**Baldur Dýrfjörð** **Bergþóra Þórhallsdóttir**
**Þorgnýr Dýrfjörð** **Aðalheiður Hreiðarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Pálmar Árni Sigurbergsson**
hljóðfærasmiður,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 19. júní.
Útförin auglýst síðar.

**Jóhanna Snorradóttir**
**Vilberg Pálmarsson**
**Lydía Pálmarsdóttir** **Vigfús Gunnar Gíslason**
**Ágústína Guðrún Pálmarsdóttir** **Sigurður Örn Sigurðarson**
**Einar Bergur Pálmarsson**
**Unnur Pálmarsdóttir** **Gylfi Már Ágústsson**
**afabörn og aðrir aðstandendur.**

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

*Samkvæmt 1. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagslýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:*

1. **Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Hrafnaklettar L166387. Súluholt.**
Kynnt er skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, sem felur í sér að landspildan Hrafnaklettar, L166387, 2 ha að stærð verður breytt úr frístundasvæði (F44) í landbúnaðarland. Fyrir eru 2 sumarhús á spildunni.

*Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.*

2. **Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. HEILDARENDURSKOÐUN**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur samþykkt dags. 28.11.2018, að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 skv. 31. gr. laga nr. 123/2010. Gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 var staðfest af ráðherra 6. apríl 2006. Við gildistöku nýs aðalskipulags 2017-2029, mun gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 falla úr gildi. Með nýrri aðalskipulagstillögu liggja fyrir forsendur, umhverfisskýrsla og greinargerð, auk uppdrátta fyrir hálendi, afrétt og byggðar á láglendi.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi, og á skrifstofu skipulagsfulltrúa hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, Dalbraut 12 á Laugarvatni, og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b í Reykjavík. Þá eru öll gögn aðalskipulagsins aðgengileg rafrænt á heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, www.utu.is og á heimasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. www.skeidgnup.is

Tillagan er í auglýsingu frá 26. júní til 7. ágúst 2019. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til 7. ágúst 2019. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni eða á netfangið runar@utu.is

*Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:*

3. **Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Apavatn 2 L167621 Presthólar, malarnámur.**
Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin fellst í að færð verður inn í aðalskipulagsuppdrátt Bláskógabyggðar 4.91 ha merking í landi Apavatns 2, fyrir malarnámu sem væri allt að 50.000 m3 að stærð. Náman fengi heitið E129.

4. **Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, landbúnaðarsvæði í Efra-Langholti.**
Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem breyta á nýtingu 10 ha spildu á skilgreindu landbúnaðarsvæði í Efra-Langholti, Hrunamannahreppi. Spildan liggur að skipulögðu frístundasvæði úr landi Efra-Langholts, Sunnuholti og Lindarseli, merkt F16. Breytingin felur í sér að spildunni verði breytt í frístundasvæði og þar með mynda samfellu með frístundasvæðinu merkt F16.

5. **Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, Miðmundarholt 1-6.**
Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022.
Tillagan gerir ráð fyrir breyttri landnotkun í Miðmundarholti, úr Í3 sem er íbúðarbyggð, í verslunar- og þjónustusvæði, þar sem gert er ráð fyrir gistingu í rekstrarflokki II.

### Deiliskipulagsmál

*Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynnt eftirfarandi skipulagstillaga:*

6. **Deiliskipulag, Einiholt 3 L192608. Skógarholt. Bláskógabyggð.**
Kynnt er tillaga nýs deiliskipulags þar sem gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss og bílskúrs, skemmu/hesthúss, skemmu, geymslu/gróðurhúsi og tveimur gestahúsum á afmörkuðum lóðum. Alls er gert ráð fyrir að byggingarmagn geti orðið allt að 790 m2.

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:*

7. **Deiliskipulag. Kerið 1 L172724. Gestastofa og bílastæði. Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Deiliskipulagssvæðið afmarkast af landamerkjum Kerfélagsins ehf. til norð- og suðausturs og miðlínu Biskupstungnabrautar til norðvesturs. Deiliskipulagssvæðið er um 27 ha að stærð. Gert er ráð fyrir að afmarkaðar verði tvær lóðir austast á svæðinu undir gestastofu, bílastæði og þjónustubyggingar. Þá er gert ráð fyrir einni lóð norð-vestur af Kerinu undir þjónustubyggingu. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri aðkomu austast á svæðinu og mun núverandi aðkomu að Kerinu verða lokað.

8. **Deiliskipulag Sauðholt 2 lóð L220917 í Ásahreppi.**
Deiliskipulagið tekur til 8978m2 sumarhúsalóðar í landi Sauðholts í Ásahreppi. Heimilt verður að byggja sumarhús allt að 80m2, gestahús allt að 25m2 og geymslu allt að 15m2. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar verður 0,03.

9. **Deiliskipulag Hlemmiskeið 2F. L227089 (Hraunsnef). Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Deiliskipulagstillagan tekur til 11,3 ha landspildu í Hraunsnefi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (Hlemmiskeið 2F). Ætlunin er að byggja upp lögbýli með landbúnaðartengda starfsemi. Heimilt verði að byggja allt að 800 m² íbúðarhúsnæði (þrjú hús) og 4400 m² húsnæði tengt búrekstri. Þar er m.a. um að ræða 500m² gripahús, 1000m² reiðhöll og 1000m2 fjölnota skemmu/gripahús.

10. **Deiliskipulagsbreyting. Leynir 2. hluti. Giljalönd 1-3. Bláskógabyggð.**
Deiliskipulagsbreytingin felur í sér í stað nokkurra smærri byggingareita á lóð verði einn byggingareitur og innan hans megi reisa 5 stk. 30 m2 smáhýsi og 1 þjónustuhús allt að 72 m2 að stærð.

11. **Deiliskipulagsbreyting. Öndverðarnes I. Frístundabyggð. Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að leyft verði að byggja allt að 40 m2 gestahús/geymslu/gróðurhús á lóðum sem eru 4.000 m2 og stærri. í stað 25 m2 í gildandi skipulagi. Á lóðum sem eru minni en 4.000 m2 skuli notast við gildandi skilmála, þ.e. 25 m2.
Þá fellur út ákvæði um hámarksstærð húsa sem er 250 m2 í gildandi skilmálum þar sem það fer yfir nýtingarhlutfallið 0,03 vegna stærðar lóða innan skipulagssvæðisins.

*Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst niðurstaða sveitarstjórna fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:*

12. **Deiliskipulag Svarfhólsvöllur lnr. 166322 Golfvöllur, Flóahreppi.**
Auglýst er niðurstaða sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 4.6.2019, vegna deiliskipulags fyrir Svarfhólsvöll í Flóahreppi. Um er ræða 70 ha svæði 18 holu golfvallar Golfklúbbs Selfoss.
Athugasemdir bárust frá landeigendum Laugardæla.
Bókun sveitarstjórnar:
*Sveitarstjórn Flóahrepps beinir því til umsækjenda að gera lagfæringar á greinargerð og uppdrætti til þess að koma til móts við athugasemdir landeigenda í Laugardælum. Skipulagsfulltrúa falið að senda lagfærða tillögu til Skipulagsstofnunar.*
Gerðar hafa verið lagfæringar á gögnum og komið til móts við athugasemdir landeigenda Laugardæla og hefur skipulagsfulltrúi sent Skipulagsstofnun deiliskipulagið til afgreiðslu.

13. **Deiliskipulagsbreyting. Torfastaðaheiði frístundabyggð. Bláskógabyggð.**
Auglýst er niðurstaða sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að deiliskipulagsbreytingu 2. áfanga frístundabyggðar (F63) í Torfastaðaheiði, Bláskógabyggð. Breyting á gildandi deiliskipulagi felst í að, inn í skilmála var bætt við ákvæði/texta sem heimilar útleigu frístundahúsa á svæðinu í atvinnuskyni, fyrir allt að 10 manns á hverri lóð.
Skipulagsstofnun telur að með slíkri breytingu á deiliskipulagi og heimild fyrir allt svæðið til útleigu húsa í atvinnuskyni, eigi betur við að landnotkun sé skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bókaði á fundi sínum 20.6.2019:
*Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir fyrirliggjandi deiliskipulagsbreytingu og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa breytingartillöguna í B-deild Stjórnartíðinda. Sveitarstjórn telur að þess sé getið í greinargerð Aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027, að "komi fram ósk um atvinnurekstur,t.d. gistingu, þarf að skoða aðstæður á hverjum stað. Áður en starfsemi er heimiluð þarf að liggja fyrir samþykki eigenda sumarhúsa á svæðinu."*
*Fyrir liggur samþykki allra lóðarhafa á svæðinu fyrir áformum um heimild til að leyfa gistingu í atvinnuskyni í frístundabyggðinni.*

14. **Deiliskipulag frístundabyggðar Sandskeiðs úr landi Miðfells Bláskógabyggð.**
Auglýst er niðurstaða sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna athugasemda Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands við tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Sandskeiði í landi Miðfells í Bláskógabyggð.
Breytingar í kjölfar athugasemda umsagnaraðila og eftir auglýsingu gera ráð fyrir að skerpt er á skilmálum og greinargerð er varðar gr. 3.10. Frárennsli, gr. 4.6. Gróður, gr. 5.2 Stærð húsa, gr. 5.6 Hæð sökkla og gr. 5.11 Fornleifar.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bókaði á fundi sínum 9.5.2019:
*Varðandi umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þá telur skipulagsnefnd að þar sem um er að ræða eitt elsta sumarhúsahverfi á Íslandi, þá sé óraunhæft að gera kröfur um sameiginlegt frárennsli á svæðinu, en gerir þess í stað kröfu um að hreinsibúnaður verði bættur með ítarlegri hreinsun, þ.e. meira en tveggja þrepa hreinsun. Þá skuli stefnt að því að afla neysluvatns úr vatnsbóli sem geti annað vatnsþörf svæðisins í heild. Vegna umsagnar Umhverfisstofnunar hefur verið skerpt á ákvæðum er varða gróður og plöntun trjáa á deiliskipulagssvæðinu. Ekki verður orðið við ábendingum vegna fjarlægðar byggingarreita frá vegi. Tekið hefur verið tillit til umsagna og ábendinga Minjastofnunar Íslands. Þá hafa verið gerðar breytingar á skilmálum og uppdrætti í kjölfar ábendinga Skipulagsstofnunar. Tekið skal fram að lagfærð og uppfærð gögn hafa verið send umsagnaraðilum og ekki komið viðbrögð við þeim. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar felur skipulagsfulltrúa að birta auglýsingu um niðurstöðu sveitarstjórnar í samræmi gr. 5.7.1 skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og senda Skipulagsstofnun tillöguna til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagalag nr. 123/2010 og birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.*

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.utu.is.
Skipulagstillögur nr. 1 og 6 eru í kynningu frá 26. júní til 10. júlí 2019 en tillögur nr. 2-5 og 7-11 eru í auglýsingu frá 26. júní til 7. ágúst 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1 og 6 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 10. júlí 2019 en 7. ágúst 2019 fyrir tillögur nr. 2-5 og 7-11.
Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Ath.
**Tillaga nr. 2** verður til sýnis á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi á skrifstofu skipulagsfulltrúa hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, Dalbraut 12 á Laugarvatni og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b í Reykjavík. Þá eru öll gögn aðalskipulagsins aðgengileg rafrænt á heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, www.utu.is og á heimasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. www.skeidgnup.is

***Rúnar Guðmundsson***
***Skipulagsfulltrúi***
***runar@utu.is***

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 | 4 |
| Ísafjörður | 10 | 14 |
| Akureyri | 17 | 16 |
| Egilsstaðir | 22 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 17 | 7 |
| Hveravellir | 12 | 10 |

Suðvestan 5-15 m/s, hvassast NV-til. Bjart með köflum á A-verðu landinu og hiti 14 til 22 stig. Súld eða lítilsháttar rigning með köflum V-lands og hiti 10 til 15 stig. Svipað veður á morgun, en byrjar að rigna um landið V-vert annað kvöld.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12 | 3 |
| Ísafjörður | 11 | 10 |
| Akureyri | 18 | 8 |
| Egilsstaðir | 22 | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 18 | 4 |
| Hveravellir | 9 | 10 |

## Föstudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 | 3 |
| Ísafjörður | 9 | 3 |
| Akureyri | 13 | 2 |
| Egilsstaðir | 17 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 15 | 3 |
| Hveravellir | 10 | 5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 6 | | 3 | 7 | | 4 |
| 1 | | 5 | 2 | | | | 9 | |
| 3 | | | | 9 | 1 | | | 2 |
| 6 | 1 | | | | | | | 7 |
| | | 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | | |
| | | | | | 9 | | | |
| 9 | | | | 8 | | 4 | | 3 |
| | | | | | | | 5 | |
| | 2 | 6 | 1 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| | 8 | | 5 | | 3 | 6 | | 2 |
| | 4 | 5 | 8 | | | 7 | | 9 |
| 3 | 6 | | 4 | | | | | 1 |
| | | | 1 | | 2 | 8 | 6 | |
| 1 | | | | 7 | | | | |
| | | 2 | 7 | | 5 | | | |
| 6 | | | | | | | | 7 |
| | 5 | | | | | 9 | 8 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 7 | | 9 | | | | 4 |
| | | | 4 | | | 7 | | |
| 4 | | 6 | | 5 | | | 9 | 2 |
| 2 | | 8 | | | | | | |
| | | | 7 | | 5 | 1 | | 6 |
| | | | | 6 | | | | 9 |
| | 9 | 3 | | | 4 | 2 | | |
| | 1 | | 8 | | | 6 | | |
| | | | | | 2 | | | 1 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. Hneta
5. Dá
6. Í röð
8. Losna frá
10. Átt
11. Deig
12. Þófta
13. Spaug
15. Tala
17. Vandræði

**LÓÐRÉTT**
1. Munnmæli
2. Lampi
3. Maka
4. Nískupúki
7. Íþrótt
9. Orga
12. Langt niður
14. Lyftist
16. Utan




**LÁRÉTT:** 1. akarn, 5. rot, 6. áb, 8. flagna, 10. sa, 11. rök, 12. sess, 13. grín, 15. nítján, 17. stand. **LÓÐRÉTT:** 1. arfsögn, 2. kola, 3. ata, 4. nánös, 7. baksund, 9. grenja, 12. sitt, 14. rís, 16. án.

## Skák Gunnar Björnsson

Bednarska átti leik gegn Winkler í Palavas árið 1990.

**1. Dxd5+! Kxd5 2. Bg2+ Kd4 3. Bc3+ Kxd3 4. Bf1+ Kc2 5. Hec1+ Kb3 6. Ha3# 1-0.**
Áttunda og næstsíðasta umferð Norðurlandamótsins í skák fer fram í Sarpsborg í Noregi í dag.
**www.skak.is:** Norðurlandamótið.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 3 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 9 | 6 |
| 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 9 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 | 5 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 5 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 | 5 | 4 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 7 | 5 | 3 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


HLAÐVARPIÐ
á frettabladid.is
hlustaðu þegar þér hentar



Lifum lengur



Hismið

FRETTABLADID.IS


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Nektin umvafin á nýjum geisladiski

**GEISLADISKUR**

**Genuin**

★★★★★

**Benedikt Kristjánsson syngur Schubert og íslensk þjóðlög. Alexander Schmalcz leikur á píanó.**




Þegar málaliði reyndi fyrir margt löngu að ræna tveimur börnum frá íslenskri konu og flytja þau til feðra sinna í Bandaríkjunum, tókst honum ekki betur upp en svo að hann var settur í fangelsi. Hann slapp hins vegar, og síðar er tekið var við hann viðtal sagði hann: „Ef þú lendir í fangelsi á Íslandi, þá genguróu bara út.“ Svipað ráð hefur verið gefið ef maður villist í skóginum hér á landi; það er best að standa upp.

Íslenskt landslag er nakið, og það endurspeglast í íslensku þjóðlögunum. Þar er ekkert prjál, ekkert glingur, ekkert skraut. Laglínurnar eru einfaldar, en hnitmiðaðar. Auðvitað hafa þær verið klæddar misíburðarmiklum útsetningum í gegnum tíðina, eins og t.d. þegar Þursaflokkurinn gaf út plötu með þeim á áttunda áratugnum. Sú plata var mjög skemmtileg, kröftug og lifandi. Útgáfan sem heyra má á nýútkominni plötu Benedikts Kristjánssonar tenórs er þó eins ólík og hugsast getur. Hann syngur lögin öll án undirleiks, nema Ísland farsælda frón, en þar spilar hornleikari mótröddina.

**Furðulegt samhengi**

Maður gæti hugsað: Og hvað með það? Er fólk ekki alltaf að spila þessi þjóðlög og matreiða þau ofan í túristana í hinum og þessum búningi? Jú, en það sem hér er til umfjöllunar er miklu meira og frumlegra. Benedikt setur lögin í furðulegt samhengi, hann blandar þeim saman við ljóðasöng Schuberts. Þau lög eru eitthvað allt annað, teljast með því æðsta í fagurtónlistinni á meginlandinu. Munurinn á þeim og þjóðlögunum er sláandi.

En samt ekki. Lög Schuberts eru í meirihluta á diskinum, þjóðlögin koma inn á milli, og svo merkilegt sem það er, þá magnar annað hitt og öfugt. Ólík lögin skapa sterkar andstæður sín á milli; þar er dagur og nótt, vonleysi og gleði, harmur og hamingja.

**Fullkomið flæði**

Eina íslenska lagið sem er ekki þjóðlag er vögguvísa Jóns Leifs. Hún er mögnuð í meðförum Benedikts. Einstaklega fallegt er hvernig hann fer beint úr Sofðu, unga ástin mín yfir í vögguvísu Jóns, og þaðan yfir í Unglinginn við uppsprettuna eftir Schubert. Það síðastnefnda er hástemmt, fullt af birtu. Flæðið úr einu í annað er fullkomið, náttúrulegt og eðlilegt, eins og fallegur morgunn eftir dimma nótt.

Benedikt hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína í stórverkum Bachs. Enginn er betri í hlutverki guðspjallamannsins sem segir söguna inn á milli aríanna og kóranna. Hann er ekkert síðri hér. Söngur hans er dásamlega tær, í senn yfirvegaður og fullur af skáldavímu. Du bist die Ruh (Þú ert friðurinn) eftir Schubert er einhver unaðslegasti flutningur á laginu sem undirritaður hefur heyrt. Sama má segja um mörg önnur lög.

Píanóleikur Alexanders Schmalcz er einnig vandaður í hvívetna, agaður og nákvæmur, en líka þrunginn viðeigandi tilfinningum. Hornleikur Tillmanns Höfs í tveimur lögum er sömuleiðis flottur. Og upptakan er í prýðilegu jafnvægi tærleika og endurómunar. Það gerist varla betra. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tandurhreinn, fágaður, tilkomumikill söngur og frábær samsetning á lögum.



Vilborg Dagbjartsdóttir verður heiðursgestur á ljóðakvöldi í Mengi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 26. JÚNÍ 2019

### Orðsins list

**Hvað?** Ljóðakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Una útgáfuhús efnir til ljóðakvölds til heiðurs Arnfríði Jónatansdóttur. Nýlega kom út endurútgáfa á hennar einu ljóðabók: Þröskuldur hússins er þjöl. Skáldin sem stíga á svið eru: Fríða Ísberg, Bergþóra Snæbjörnsdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir, Brynja Hjálmsdóttir og Gerður Kristný. Auk þess segir Vilborg Dagbjartsdóttir frá kynnum sínum af Arnfríði. Frítt er inn og allir velkomnir.

### Myndir

**Hvað?** Myndgreining
**Hvenær?** 10.30
**Hvar?** Héraðsskjalasafn Kópavogs
Sögufélag Kópavogs og héraðsskjalasafn standa fyrir viðburði þar sem allir leggjast á eitt við að bera kennsl á myndefni ljósmynda í eigu safnsins.

### Tónlist

**Hvað?** Hádegistónleikar á kirkjulistahátíð
**Hvenær?** 12.00-12.30
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Kammerkórinn Schola cantorum flytur fjölbreytta dagskrá sem spannar vítt litróf frá miðöldum á Íslandi til okkar daga með viðkomu hjá nokkrum vel kunnum perlum evrópskra tónbókmennta. Miðaverð er 2.700 kr.

**Hvað?** Mókrókar á Múlanum / Jazz með útsýni
**Hvenær:** 21.00
**Hvar:** Múlinn Jazzklúbbur, Björtuloftum í Hörpu
Tríóið leikur frumsamda tónlist í opnum útsetningum með miklu rými fyrir frjálsan spuna. Meðlimir þess eru: Benjamín Gísli Einarsson á píanó, Þorkell Ragnar Grétarsson á gítar og trommuleikarinn Þórir Hólm Jónsson.












SUMAR
ÚTSALAN
Í FULLU FJÖRI
Allt að 60% afsláttur




LA-Z-BOY Live life comfortably.




HÚSGAGNA HÖLLIN
Sími: 558 1100

Reykjavík Bíldshöfði 20 — 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
Akureyri Dalsbraut 1 — 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?
Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Kastljós**
**13.15 Menningin**
**13.25 Útsvar 2015-2016**
**14.35 Mósaík 1998-1999**
**15.20 Sætt og gott**
**15.40 Á tali hjá Hemma Gunn 1988-1989**
**16.55 Landakort**
**17.00 Tíundi áratugurinn** Heimildarþættir um tíunda áratuginn í Bandaríkjunum. Fjallað er um atburði og einstaklinga sem settu mark á áratuginn, eins og forsetatíð Georges H.W. Bush og Bills Clinton, hryðjuverk, tækniframfarir og tónlistarstefnur. e.
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Tímon & Púmba**
**18.18 Sígildar teiknimyndir** Sígildar teiknimyndir úr safni Disney-samsteypunnar.
**18.25 Lílóog Stitch** Þættirnir fjalla um Stitch, litla bláa geimveru sem er afrakstur genarannsókna, og Lilo, unga stelpu frá Hawaii sem vingast við Stitch þegar hann er gerður útlægur frá reikistjörnu sinni.
**18.50 Landakort**
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Með sálina að veði – Berlín** Þriggja þátta röð þar sem sænski söngvarinn Peter Jöback fer á slóðir átrúnaðargoða sinna, þeirra Franks Sinatra, Edith Piaf og Charles Aznavour í New York, París og Berlín.
**21.05 Leyndarmál tískuhússins** Leikin þáttaröð í átta hlutum sem gerist í París eftir seinni heimsstyrjöldina og segir frá tveimur bræðrum sem reka tískuhús. Bræðurnir eru mjög ólíkir og undir niðri krauma leyndarmál sem gætu stofnað öllu sem þeir hafa unnið fyrir í hættu. Aðalhlutverk: Richard Coyle, Tom Riley og Mamie Gummer. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir.**
**22.15 Veður**
**22.20 Louis Theroux: Savile endurskoðaður** Heimildarmynd þar sem Louis Theroux endurskoðar kynni sín af fjölmiðlamanninum Jimmy Savile eftir að upp komst að Savile hafði misnotað börn í fjölda ára á meðan hann starfaði hjá BBC. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
**23.40 Haltu mér, slepptu mér** Önnur syrpa þessara rómantísku gamanþátta um þrjú pör sem tengjast innbyrðis í Manchester á Bretlandi. Öll eru þau á mismunandi stað í sambandinu, ýmist nýir elskendur, nýbakaðir foreldrar eða nýgift. Leikarar: James Nesbitt, Helen Baxendale, John Thomson, Fay Ripley, Robert Bathurst og Hermione Norris. e.
**00.30 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 The Good Place**
**13.30 Superstore**
**13.50 Fam**
**14.15 Lambið og miðin**
**14.50 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 American Housewife**
**20.10 Charmed**
**21.00 Girlfriend's Guide to Divorce**
**21.50 Bull**
**22.35 Queen of the South**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS: Los Angeles**
**02.20 Proven Innocent**
**03.05 Duran Duran: A Diamond in the Mind**
**04.45 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan: Ósjálfrátt**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Grey's Anatomy**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Middle**
**09.55 Fresh Off the Boat**
**10.15 Mom**
**10.40 Arrested Developement**
**11.05 Logi**
**11.55 Asíski draumurinn**
**12.35 Nágrannar**
**13.05 Masterchef USA**
**13.45 God Friended Me**
**14.30 Major Crimes**
**15.15 Seinfeld**
**15.40 Á uppleið**
**16.05 Lose Weight for Good**
**16.35 Stelpurnar**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Ísland í dag**
**19.05 Sportpakkinn**
**19.10 Veður**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 Shrill** Frábærir og ferskir gamanþættir um Annie sem er í yfirvigt og er tilbúin í breytingu í lífi sínu án þess þó að það hafi áhrif á líkamsþyngd hennar. Hún reynir fyrir sér í blaðamennsku en fær fá tækifæri hjá yfirmanni sínum og lítinn stuðning hjá kærastanum sem gerir lítið úr henni við hvert tækifæri. Á endanum fær hún nóg og tekur málin í sínar hendur. Hún er þreytt á því að vera ekki nógu góð fyrir aðra og tekur afdrifaríkt skref í áttina að nýju lífi.
**19.50 Jamie's Quick and Easy Food**
**20.15 The Bold Type**
**21.00 The Red Line**
**21.45 Gentleman Jack** Sögusviðið er England á fyrri hluta 19. aldar, landeigandinn Anne Lister lætur fastmótaðar hugmyndir samfélagsins um konur og hlutverk þeirra eins og vind um eyru þjóta og fer heldur sínar eigin leiðir í lífinu. Með elju og eigin sannfæringu að vopni hyggst hún endurreisa niðurnítt ættaróðalið Shibden Hall.
**22.45 You're the Worst**
**23.10 L.A.'s Finest**
**23.55 Animal Kingdom**
**00.45 Euphoria 1**
**01.40 Shetland**
**02.40 Shetland**
**03.40 Shetland**
**04.40 Atomic Homefront**

## STÖÐ 3

**19.10 Modern Family**
**19.35 Bob's Burger**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Angie Tribeca**
**21.15 The Last Ship**
**22.00 Westworld**
**23.05 The Zen Diaries of Garry Shand**
**00.55 iZombie**
**01.45 Grimm**
**02.30 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**06.35 Grótta - Magni**
**08.20 KA - Víkingur**
**10.05 FH - KR**
**11.55 Pepsi Max mörk karla**
**13.30 Katar - Argentína**
**15.10 Pepsi Max mörk kvenna**
**16.10 Þróttur - ÍA**
**17.50 ÍBV - Víkingur R.**
**20.00 GYM**
**20.25 Pepsi Max mörk kvenna**
**21.25 Kólumbía - Paragvæ**
**23.05 ÍBV - Víkingur R.**
**00.45 UFC Now 2019**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 KPMG Women's PGA Championship**
**11.25 Golfing World 2019**
**12.15 KPMG Women's PGA Championship**
**15.15 Travelers Championship**
**20.25 Golfing World 2019**
**21.15 Champions Tour Highlights 2019**
**22.10 PGA Highlights 2019**
**23.05 US Open 2019**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.30 All Roads Lead to Rome**
**14.00 Manglehorn**
**15.35 Love and Friendship**
**17.10 All Roads Lead to Rome**
**18.45 Manglehorn**
**20.25 Love and Friendship**
**22.00 Justice League**
**00.00 Sleepless**
**01.35 Life**
**03.20 Justice League**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# ALLIR Í HEIMINUM HAFA GLEYMT BÍTLUNUM.
# ALLIR NEMA JACK ...

★★★★ TIME OUT

★★★★ THE GUARDIAN



FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRA **SLUMDOG MILLIONAIRE** OG HÖFUNDI **LOVE ACTUALLY**

# YESTERDAY

## KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ (BARA LÚXUS) · SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ · KRINGLAN SAMBÍÓIN · BORGARBÍÓ

TÉKKLAND Bifreiðaskoðun · Domino's Pizza · Coca-Cola

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Farsæl þroskasaga í fjórum þáttum

Viðtökur Toy Story 4 sanna að ævintýragjörnum leikföngum verður ekki í Góða hirðinn komið. Ævintýri Vidda löggustjóra og endimarkalausa geimstuðboltans Bósa Ljósárs teygja sig nú yfir 24 ár og enn er heilmikið líf í tuskunum og plastinu.



Tom Hanks og Viddi hafa fylgst að í 24 ár og gætu haldið áfram á meðan annar dregur andann og hinn hangir saman á saumunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Pixar, sem síðar rann saman við Disney-stórveldið, sló hressilega og verðskuldað í gegn með Leikfangasögu, eða Toy Story, 1995. Myndin markaði tímamót og setti ný viðmið í gerð tölvuteiknimynda. Áhrifamáttinn og slagkraftinn sótti hún þó fyrst og fremst í fallega og fyndna sögu af leikföngum sem lifna við þegar enginn sér.

Litríkar persónurnar átti einnig greiða leið að hjörtum áhorfenda, barna og margra fullorðinna, enda margar vel þekkt leikföng sem höfðu sett mark sitt á bernskuár barna í áratugi. Þar má til dæmis nefna stóreygða Fisher-Price-símann á bláu hjólunum. Gersamlega óbrjótandi og ódrepandi leikfang sem gæti hæglega trommað upp sem sprækasti öldungurinn á Árbæjarsafni og hinn endalaust skemmtilega Herra Kartöfluhaus.

Toy Story og framhaldsmyndirnar tvær sem fylgdu í kjölfarið hverfðust hins vegar fyrst og fremst um nýliðana Vidda og Bósa en þar sem lífinu er tamt að herma eftir listinni eru þeir fyrir löngu orðnir að eftirsóttum leikföngum sem hafa öðlast álíka dýrðarljóma og síminn og kartaflan með hin mörgu andlit.

Toy Story-bálkurinn telur nú fjórar myndir en sú nýjasta er komin í kvikmyndahús, níu árum eftir að þriðja myndin lokaði sögunni, að því er flestir héldu, með miklum glæsibrag.

Ekki verður af Pixar tekið að á þeim bænum er vandað svo til verka þegar Toy Story er annars vegar að þessum fjórum myndum hefur verið mjatlað út á 24 árum. Þannig að sex ára börn sem sáu fyrstu myndina í bíó eru nú um þrítugt og taka sjálfsagt núna mörg sín eigin börn með sér til fundar við Bósa, Vidda, gamla og nýja félaga.

Þessi langa Leikfangasaga hvers og eins hefur þannig öðlast fallegan ævintýraljóma í anda myndanna en Andy, eigandi æskuandsetnu leikfanganna, óx einmitt upp úr þeim í þriðju myndinni og leiðir skildust þegar hann flutti að heiman.

Framhaldslífið fékk dótakassinn eins og hann lagði sig þegar innihaldið slapp naumlega frá vítisvist í leikskóla, sem bitur og hefnigjarn tuskubangsi stjórnaði, í fang stelpunnar Bonnie sem tekur hressilega hringferð með leikfangahersingunni í fjórða kafla sem er jafn líklegur og sá þriðji til þess að marka endalok sögunnar þar sem ánægjan með nýju myndina er slík að enn getur allt gerst.

**thorarinn@frettabladid.is**



Viddi er brotthætt og viðkvæm sál, meðvirkur stressbolti sem reynir að halda öllu í röð og reglu en fær nú að kynnast sjálfum sér betur þegar hann tekur heimatilbúið leikfang undir sinn verndarvæng.

Bósi Ljósár mætti með heilmikinn belging og hroka vinsælasta tískuleikfangsins í fyrstu myndinni en hefur í framhaldinu náð heilmiklum andlegum þroska og er frekar til baka í fjórðu umferð.



Toy Story 3 leit út fyrir að marka endalok Leikfangasögunnar með miklu fjöri og dásamlegum tilfinningarússíbana. En lengi er von á þessu liði.

Frjáls framlög — SAMFERÐA GÓÐGERÐARSAMTÖK — enginn kostnaður!

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

**907 1081 - 1.000 kr.**
**907 1083 - 3.000 kr.**
**907 1085 - 5.000 kr.**
**907 1090 - 10.000 kr.**



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation







# Rigndi á Vök

Hljómsveitin Vök hitaði upp fyrir Patti Smith og Duran Duran. Það kom þeim ekki á óvart að vera valin til verksins þar sem þau eiga aðdáendur á öllum aldri og eru ólíkar týpur.

Hljómsveitin Vök hefur átt góðu gengi að fagna fyrir utan landsteinana síðustu árin og fylgdi nýjustu breiðskífu sinni, In the Dark, eftir með stórum Evróputúr.

„Við spiluðum í byrjun júní í kjallaranum á Hard Rock. Það voru fyrstu tónleikarnir okkar hérna á Íslandi frá því í byrjun mars, en þá vorum við með útgáfutónleika í Iðnó og á Græna hattinum,“ segir Margrét, söngkona Vakar.

**Aðdáendur á öllum aldri**

Hljómsveitin er skipuð þeim Margréti Rán, Andra Má og Einari. Þau tvö fyrrnefndu stofnuðu sveitina til þess að taka þátt í Músíktilraunum 2013, þar sem þau sigruðu. Nokkur af myndböndum sveitarinnar hafa verið spiluð í um og yfir milljón skipti á myndbandamiðlinum YouTube.

Vök var valin til að hita upp fyrir eina stærstu sveit níunda áratugarins, Duran Duran, og söngkonuna Patti Smith á Secret Solstice-tóleikahátíðinni. Margrét segir það ekki hafa komið henni sérstaklega að óvart að þau skyldu hafa verið valin til að hita upp fyrir Smith og Duran Duran.

„Mér fannst það alveg ganga upp, eða ég sé í það minnsta hvernig tónlistin okkar passar ágætlega saman við þeirra. Við höfum líka tekið eftir því sérstaklega að við eigum breiðan hóp aðdáenda, bæði þegar það kemur að aldri og týpum. Ég myndi segja að megnið af okkar hlustendum sé á aldrinum 25-60 ára. “

**Væta á Vök**

Tónleikarnir með Patti Smith voru um síðastliðna helgi.

„Ég verð bara að segja eins og er að ég veit ekki nákvæmlega samt hvernig það kom til að við vorum valin til að spila á undan henni. Hvort hún eða hennar teymi hafi haft einhverja aðkomu að því, um það get ég lítið sagt,“ svarar Margrét glaðbeitt, en þegar blaðamaður náði tali af henni var hún mætt ásamt restinni af hljómsveitinni að stilla upp hljóðfærunum í Laugardalshöll.

Margrét segir að það hafi gengið ágætlega á Secret Solstice en kaldhæðni örlaganna var sú að nánast eini tíminn þar sem eitthvað rigndi yfir hátíðina var þegar hljómsveit nefnd Vök steig á svið.

„Það var búin að vera sól alla helgina en svo einmitt þegar við stígum á svið þá byrjar að rigna, sem var ákveðinn skellur,“ segir Margrét hlæjandi.

**ÞAÐ VAR BÚIN AÐ VERA SÓL ALLA HELGINA EN SVO EINMITT ÞEGAR VIÐ STÍGUM Á SVIÐ ÞÁ BYRJAR AÐ RIGNA, SEM VAR ÁKVEÐINN SKELLUR.**

**Náði að kasta kveðju á Smith**

Sveitin spilaði á sunnudeginum og því eflaust komin smá þreyta í áhorfendur.

„Það rættist samt úr mætingunni, þannig að þetta var eins gott og það gat verið í ljósi aðstæðna.“

Margrét heldur upp á Smith og hefur lesið megnið af bókunum sem hún hefur gefið út.

„Já, ég myndi segja að ég væri aðdáandi. Við náðum samt ekki að hitta hana neitt þannig, en ég þakkaði henni fyrir tónleikana þegar ég stóð í stutta stund við hliðina á henni. Hvort hún hafi áttað sig á að ég væri í hljómsveitinni sem hitaði upp fyrir hana er ég ekki viss um.“

Hljómsveitin mun nú taka það aðeins rólegar og spila meira hér heima á næstu misserum.

„Við höfum mest verið að spila úti undanfarið og eiginlega á þrotlausu tónleikaferðalagi undanfarin ár. Þess vegna finnst okkur öllum alveg frábært að vera að spila mest heima núna á næstunni, ef undan er skilið G! Festival í Færeyjum, en þangað er stutt að fara. Við munum svo spila á Bræðslunni og svo á Í hjarta Hafnarfjarðar,“ segir Margrét að lokum.

steingerdur@frettabladid.is



Hljómsveitin hitaði upp fyrir Duran Duran í Laugardalshöll í gærkvöldi. MYND/SIGGA ELLA

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


Pizza Hut
SUMARPEPP
OG SVEPP
35%
AFSLÁTTUR
SUMARTILBOÐ
STÓR AMERIKANA PÖNNUPIZZA
1990
Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is
Pizza Hut Smáralind og Pizza Hut Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jónu Hrannar Bolladóttur




## Núvitund

Við hjónin létum langþráðan draum rætast í vor og keyptum okkur notaðan húsbíl. Við sögðum hvort við annað að þá værum við frjálsir menn. Með farartækinu getur maður haldið hvert sem er, engum háður. Við höfum líka rætt í gríni að í raun sé þetta risastór barnavagn. Það er í mörg horn að líta hjá manni og við höfum verið léleg í því sem kallað er núvitund. Meira lifað á hlaupum við að ná í skottið á sjálfum okkur með misgóðum árangri. Við höfum komist að því að besti möguleiki okkar til þess að komast í núvitund er að vera í kringum barnabörnin.

Fyrir nokkru var ég að koma úr erfiðri jarðarför og sat í líkbílnum ásamt reynslumiklum útfararstjóra og spurði hann hvort hann væri í starfstengdri handleiðslu. Hann tjáði mér að hann hefði þann háttinn á ef dagurinn hefði verið erfiður að ná í barnabörnin og leika við þau. Það væri besta heilunin sem hann gæti fengið. Ég uppgötvaði þá, án þess að hafa hugsað það fyrr, að ég hefði notað svipaða aðferð. Því þegar ég hef komið úr sárum og óréttlátum aðstæðum lífsins hefur mér ekkert þótt betra en að horfa inn í barnsaugu og sjá áhyggjuleysi, leik og gleði ungra barna.

Þess vegna var fyrsta ferðin í húsbílnum farin með barnabörnunum. Þá er vaknað eldsnemma að morgni, hafragrautur settur á borðið og enn og aftur sögð sagan af Gullbrá sem borðar allan grautinn frá Bangsa litla eða um hann Sigga sem aldrei vildi borða matinn sinn og varð svo lítill að hann lenti ofan í ruslafötu með annan fótinn ofan í eggjaskurn og hinn ofan í majonesdollu ... Samvera með börnum snýst um að hvíla í núinu og lifa ævintýrið. Það hægist á tímanum meðan grautur kólnar og barnshjarta bíður eftir síendurtekinni sögu.








